	Andrés Eyjólfsson, fyrrv. skjalavörður og alpm. ..	110 937	
	Ari Sigurbjörnsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Ármann Kristjánsson, fyrrv. kennari	42 840	
	Arnhjörg Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	21 526	
	Arndís Eiríksdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Árni Vilhjálmsson, fyrrv. erindreki	44 312	
	Arnkell Bjarnason, fyrrv. póstur	22 154	
	Ása Ásmundsdóttir	55 391	
	Ásgeir Guðmundsson frá Æðey	44 312	
	Axel Jóhannsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður	44 312	
	Baldur Guðbrandsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
	Benedikt Benjamínsson, fyrrv. póstur	23 074	
	Benedikt Gíslason	110 777	
	Bergsveinn Jónsson, fyrrv. hafnsögumaður	43 052	
	Bjarni Bjarnason, fyrrv. söngkennari	44 312	
	Bjarni Sigurðsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Bjarni Þorsteinsson	29 540	
	Björg Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Björg Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
	Björgúlfur Ólafsson	53 816	
	Björn Björnsson, bókbindari	42 840	
	Björn Einarsson	93 644	
	Björn Kristjánsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	55 432	
	Björn Stefánsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Björn Vigfússon, fyrrv. lögregluþjónn	55 391	
	Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra	132 932	
	Böðvar Pálsson, fyrrv. póstafréiðslumaður	43 052	
	Dýrfinna Oddfreðsdóttir, fyrrv. ráðskona	51 408	
	Eggert Konráðsson, fyrrv. póstur	22 154	
	Egill Jónsson, fyrrv. símamaður	62 251	
	Einar Einarsson, fyrrv. skipherra	88 749	
	Einar Eiríksson	36 926	
	Einar G. Eyólfsson, fyrrv. fiskmatsmaður	36 926	
	Einar Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
	Einar Jóhannsson, fyrrv. póstur	29 540	
	Einar Steindórsson, fyrrv. póstafréiðslumaður ..	43 052	
	Elín Jóhannesdóttir, fyrrv. hjúkrunarkona	36 926	
	Elínborg Brynjólfsdóttir, fyrrv. matráðskona	55 075	

	Kr.	Kr.
Elisabet Eiríksdóttir, fyrrv. kennslukona	36 976	
Elisabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari	52 329	
Emilía Jónasdóttir, leikkona	44 312	
Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	29 540	
Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símtjóri	73 852	
Finnur Thorlacius, fyrrv. kennari	55 391	
Gísli Kristjánsson, fyrrv. starfsm. við tollgæzlu ..	44 312	
Gísli Sigurðsson	36 926	
Guðbjörg Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	26 775	
Guðbjörg Kristinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Guðbrandur Benediktsson	35 877	
Guðfríður Jóhannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Guðjón Hermannsson, fyrrv. póstur	22 154	
Guðjón Jónsson, fyrrv. póstur	22 154	
Guðjón Sigurjónsson, fyrrv. þingvörður	43 946	
Guðjóna Brynhildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	22 154	
Guðlaugur Oddsson, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
Guðlaugur Sigmundsson, fyrrv. póstur	23 511	
Guðmundur Árnason, fyrrv. póstur	29 540	
Guðmundur Benónýsson, fyrrv. fiskmatsmaður ..	22 154	
Guðmundur Eliasson, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
Guðmundur Guðmundsson, fyrrv. símtjóri	44 312	
Guðmundur Gíslason Hagalín, fyrrv. bókafulltrúi .	70 438	
Guðmundur Jónsson	85 680	
Guðmundur Ólafsson, fyrrv. póstur	22 154	
Guðmundur Þorbergsson, fyrrv. póstur	29 540	
Guðrún Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Guðrún Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	44 312	
Gunnar Ásgrímsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
Gunnhildur Sigurðardóttir, fyrrv. símtöðvarstjóri	37 485	
H. J. Hólmjárn	89 691	
Hafliði Sveinsson, fyrrv. póstur	22 154	
Hálf dán Björnsson	44 312	
Haldór Hansen, læknir	84 522	
Haldóra Bjarnadóttir, fyrrv. skólastjóri	96 144	
Haldóra Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Hallgrímur Fr. Hallgrímsson, fyrrv. póstur	22 154	
Hannes Hreinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
Helgi Ágústsson	73 852	
Helgi Ívarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	36 926	
Helgi Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 154	
Helgi Kjartansson	35 877	
Helgi Tryggvason, bókbindari	44 312	
Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Herdís Guðmundsdóttir, fyrrv. handavinnukennari	44 312	
Hermann Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Hildur Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Hinrik Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
Hjörtur Ögmundsson, fyrrv. hreppstjóri	42 840	
Hólmfríður Jónsdóttir, fyrrv. kennari	44 312	
Höskuldur Einarsson, fyrrv. hreppstjóri	42 840	
Inga Nielsen Beck, fyrrv. símtöðvarstjóri	32 043	

	Kr.	Kr.
Ingibjörg V. Filippusdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	73 852	
Ingibjörg Jónsdóttir, fyrrv. kennari	49 307	
Ingibjörg Pálsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Ingibjörg Pétursdóttir	95 648	
Ingimar Baldvinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	40 064	
Ingiríður Helgadóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Ingólfur Árnason, fyrrv. póstur	29 540	
Ingólfur Gíslason, fyrrv. héraðslæknir, biðlaun ..	202 390	
Ingveldur Magnúsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Jakob Jóh. Smári, fyrrv. adjunkt, biðlaun	151 269	
Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri	44 312	
Jóhann Jónsson, fyrrv. starfsm. Vífilsstaðahælis ..	36 926	
Jóhann Jósefsson, fyrrv. starfsm. vítamálstj.	43 052	
Jóhanna Andréadóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Jóhannes Þorgrímsson, fyrrv. kennari	44 312	
Jón Árnason, fyrrv. fiskmatsmaður	22 154	
Jón Bóasson, fyrrv. póstur	22 154	
Jón Jónasson, fyrrv. póstur	29 988	
Jón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður, Dalvík	22 154	
Jón G. Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	42 840	
Jón Kjerúlf, fyrrv. tollgæzlumaður	44 312	
Jón Sigurðsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	73 852	
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	22 154	
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona	22 154	
Jóninna Sveinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	32 130	
Jósep Kristjánsson, fyrrv. sírstöðvarstjóri	55 432	
Júliana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona ..	110 777	
Július Jónsson, fyrrv. póstur	22 154	
Július Jónsson, fyrrv. póstur, Mosfelli	21 526	
Karl Árnason, fyrrv. póstur	29 540	
Karl Indriðason, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
Kjartan Jóhannesson, fyrrv. söngkennari	55 391	
Klara Guðmundsdóttir	55 391	
Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Kristín Ingileifsdóttir	64 909	
Kristín Teitsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Kristinn Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
Kristjana V. Hannesdóttir, fyrrv. skólastjóri	43 193	
Kristján Albertsson, rithöfundur	70 438	
Kristján Einarsson, fyrrv. kennari	57 453	
Kristján Jónsson frá Garðsstöðum	44 312	
Kristmundur Kr. Meldal, fyrrv. póstur	22 154	
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	29 540	
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	25 850	
Magnús Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	37 485	
Magnús Magnússon, rithöfundur	44 312	
Margrét Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Margrét Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	

	Kr.	Kr.
Margrét Jóhannsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Margrét Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Maria Einarsdóttir, fyrrv. matráðskona	44 312	
Maria Markan, óperusöngkona	70 438	
Maria Sigurðardóttir, fyrrv. starfsk. Alþingis	22 154	
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Nína Sveinsdóttir, fyrrv. leikkona	48 195	
Njáll Friðbjörnsson, fyrrv. póstur	22 154	
Oddný Wium	22 154	
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	29 586	
Ólafía Egilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður	36 926	
Ólafur Björnsson, fyrrv. póstur	29 988	
Ólafur Guðmundsson	44 312	
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsm. Alþingis	80 795	
Ólafur Þorsteinsson, læknir	35 219	
Ólafur Þorvaldsson, fyrrv. starfsm. Alþingis	99 700	
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Páll Pálsson	55 391	
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	22 154	
Pétur Jónsson, fyrrv. vegavinnuverkstjóri	36 926	
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	36 979	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	80 119	
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Runólfur Guðmundsson, fyrrv. póstur	33 234	
Sesselja Jónsdóttir, fyrrv. símstöðvarstjóri	55 391	
Sigmundur Gestsson, fyrrv. póstur	29 540	
Signý Gunnarsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 988	
Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	36 926	
Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgr.kona	72 868	
Sigríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	40 064	
Sigríður Tómasdóttir, fyrrv. ráðskona	43 052	
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Sigurður Greipsson	89 687	
Sigurður Hjartarson, fyrrv. póstur	29 540	
Sigurður Nordal, prófessor	89 145	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	22 154	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	36 926	
Sigurlás Nikulásson	88 622	
Sigurpáll Þorsteinsson, fyrrv. póstur	21 526	
Skúli Skúlason frá Odda	107 100	
Stefán Ólafsson, fyrrv. þingvörður	32 130	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	22 154	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Steingrímur Magnússon, fyrrv. fiskmatsmaður	53 816	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	22 154	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	22 154	
Sölvi Ásgeirsson, fyrrv. fiskmatsmaður	48 195	

	Kr.	Kr.
Sölvína Konráðsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	22 154	
Torfi Hermannsson, fyrrv. starfsm. Kleppsspítala ..	36 926	
Valborg Emilsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Valdimar Björnsson, fyrrv. fiskmatsmaður	29 540	
Valves Kárason, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	22 154	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Vigfús Þorsteinsson, fyrrv. póst- og símaafgrm. ..	44 312	
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafrgm.	73 852	
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	33 234	
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	22 154	
Þórður Benediktsson	107 629	
Þórður Guðmundsson, fyrrv. skipstjóri	64 260	
Þorleifur Jónsson	85 680	
Þorsteinn Baldvinsson, fyrrv. fiskmatsmaður	44 312	
Þuríður Guðjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	29 540	
Þuríður Guðnadóttir, fyrrv. ljósmóðir	44 312	
Samtals		9 625 880

09 384 Ekkjur:	
Aðalbjörg Sigurðardóttir	56 246
Agnethe Kamban	95 516
Ágústa Högnadóttir	21 526
Ágústa Sigurðardóttir	36 926
Anna Jakobína Árnadóttir	21 526
Anna Ólafsdóttir	24 034
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	29 540
Árný Stígsdóttir	22 154
Arnþrúður Danielsdóttir	24 034
Áslaug Nielsen	53 816
Ásta Jónsdóttir	125 866
Ásta Ólafsdóttir	44 312
Ástriður Eggertsdóttir	36 926
Ástriður Magnúsdóttir	22 154
Björg Þórðardóttir	37 485
Bryndís Þórarinsdóttir	50 165
Dagbjört Guðjónsdóttir	35 219
Dóra Þórarinsdóttir	53 816
Elín Einarisdóttir	66 468
Elínborg Bogadóttir	53 550
Elísabet Jónsdóttir	22 154
Elísabet Kemp	48 195
Eufemía Ólafsdóttir	92 317
Fjóla Kristjánsdóttir	35 219
Fríða Hlíðdal	160 081
Guðbjörg Erlendsdóttir	44 312
Guðbjörg Guðmundsdóttir	48 195
Guðfinna Blöndal	88 622
Guðný Halldórsdóttir	44 312
Guðný Sigurðardóttir	36 926

	Kr.	Kr.
Guðný Vigfúsdóttir	44 312	
Guðrún Jóhannesdóttir	22 154	
Guðrún P. Jónsdóttir	56 246	
Guðrún Pálsdóttir	51 696	
Guðrún Ragúels	22 154	
Haldóra Eiríksdóttir	54 215	
Haldóra Þórðardóttir	28 127	
Helga Friðbjarnardóttir	44 312	
Helga Pétursdóttir	55 391	
Hildur Blöndal	140 556	
Hjaltína Guðjónsdóttir	55 391	
Hólmfríður Rögnvaldsdóttir	44 312	
Hulda Þ. Björnæs	44 374	
Hulda Davíðsdóttir	53 550	
Índiana Sturludóttir	55 391	
Ingibjörg Björnsdóttir	29 255	
Ingibjörg Eyjólfsdóttir	66 468	
Ingibjörg Gamalielsdóttir	55 391	
Ingibjörg Högnadóttir	22 154	
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	66 468	
Ingibjörg Karlsdóttir	91 791	
Ingunn Hlíðar	35 219	
Ingveldur Ólafsdóttir	22 154	
Jakobína Thorarensen	36 926	
Jóhanna Vigfúsdóttir	22 154	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	40 383	
Jónína Ásmundsdóttir	21 526	
Jónína Gissurardóttir	53 771	
Jónína Kristjánsdóttir	55 391	
Jórunn Guðjónsdóttir	54 215	
Karen Louise Jónsson	55 391	
Katrín Ingibergsdóttir	53 550	
Katrín Sveinsdóttir	66 468	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	22 154	
Kristín Helgadóttir	21 526	
Kristín Pálmadóttir	44 312	
Kristín Pálsdóttir	36 926	
Kristjana Þorvarðardóttir	26 775	
Kristólína Kragh	22 154	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	29 540	
Lára Svansdóttir	22 154	
Lára M. Vigfúsdóttir	73 853	
Lelía Stefánsson	110 777	
Lilja H. Arndal	73 853	
Lilja Jörundsdóttir	44 312	
Lilja Steinsen	129 241	
Lovísa Sveinbjörnsson	146 815	
Lydia Einarsson	92 317	
Mabel Sigurjónsson	73 853	
Magdalena Ásgeirsdóttir	22 154	
Málfriður Bjarnadóttir	22 154	
Margrét Árnadóttir	55 391	
Margrét Björnsdóttir	28 176	

	Kr.	Kr.
Margrét Eyjólfsdóttir	44 312	
Margrét Guðbrandsdóttir	66 468	
Margrét Jónasdóttir	92 317	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	89 687	
Margrét L. Lárusdóttir	22 154	
Marta Oddsdóttir	22 154	
Melitta Urbancic	35 219	
Ólafía Finnbogadóttir	22 154	
Olga E. Jónsson	41 800	
Ólöf Bjarnadóttir	58 522	
Petrína Ottesen	55 391	
Ragnheiður Konráðsdóttir	36 926	
Rósa Guðnadóttir	54 215	
Rósa Þórarinsdóttir	36 926	
Sesselja Benediktsdóttir	42 840	
Sigríður Árnadóttir	132 934	
Sigríður Árnadóttir	54 215	
Sigríður Gísladóttir	22 154	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilstöðum	71 307	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvitadal	23 511	
Sigrún Guðmundsdóttir	85 680	
Sigrún Thorarensen	29 540	
Sigurbjörg Jónsdóttir	22 332	
Sigurlaug Jónsdóttir	55 391	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	41 800	
Stefanía Stefánsdóttir	45 980	
Steinunn P. Eyjólfsson	24 919	
Steinunn Tómasdóttir	36 926	
Steinþóra Einarsdóttir	53 550	
Svanborg Jónsdóttir	21 558	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	36 926	
Sveindís Hansdóttir	22 154	
Valgerður Helgadóttir	36 979	
Valgerður Ólafsdóttir	33 444	
Vigdís Guðmundsdóttir	44 312	
Þóra Magnúsdóttir	29 540	
Þóra Sigfúsdóttir	22 154	
Þóra Sigurðardóttir	22 154	
Þóra Skaftason	22 154	
Þorbjörg Kjartansdóttir	55 391	
Þorbjörg Leifs	44 312	
Þorbjörg Sigurjónsdóttir	33 234	
Þórey Jóhannsdóttir	22 154	
Þórhildur Sveinsdóttir	22 154	
Barnastyrkur:		
Anna Bjarnadóttir	267 750	
Samtals		6 408 599

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1973 er leitast við að fylgja þeirri stefnu að áætla tekjur og gjöld í samræmi við beztu heimildir um líklega þróun á því ári, eins og gert var við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 1972, miðað við þá stefnumörkun, sem fjárlagafrumvarp þetta fylgir og þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar við samningu þess. Eins og fram er tekið í málefnaþingunni núverandi ríkisstjórnar er kappkostað að vinna að félagslegri uppbyggingu í þjóðfélaginu með skipulegum hætti með svo miklum hraða, sem skynsamlegt og framkvæmanlegt er talið. Þannig voru við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972 og vegáætlunar mörkuð tímamót í félagslegri uppbyggingu á mörgum sviðum þjóðfélagsins. Með þessu fjárlagafrumvarpi er haldið áfram á sömu braut. Fjárveitingar til framkvæmda eru svipaðar og á yfirstandandi fjárlögum, nema hvað þær hækka í heild vegna verðhækkunar og raunverulega meira vegna þeirra skerðinga, sem gerðar voru í sambandi við framkvæmd bráða- birgðaráðstafana þeirra, sem gerðar voru í júlí s. l. vegna verðstöðvunar. Lagt er nú meira kapp á það en nokkru sinni fyrr að nýta framkvæmdafé þannig að ljúka verkom eða ná vissum áfanga til að tryggja sem best not fjárlagsins.

Við undirbúning fjárlagafrumvarpsins í sumar lá fyrir sundurliðuð greinargerð frá nokkrum ráðuneytum um kostnað við einstakar framkvæmdir. Þessi undirbúningur mun gera starf fjárveitinganefndar og alþingismanna yfirleitt mun auðveldara en áður hefur verið, þar sem þessar tillögur liggja nú fyrir, er störf Alþingis hefjast, svo að undirnefndir fjárveitinganefndar geta strax tekið til starfa við athugun á þessum áætlunum í sambandi við fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmdaflokka, og hægt á að vera með þessum vinnubrögðum að hraða og vanda undirbúning við afgreiðslu fjárlaga.

Enda þótt kappkostað sé að nýta fjármagnið sem best og hraða framkvæmdum verka, mun þó ekki verða unnt að miða almennt við meiri hraða í byggingu barna- og gagnfræðaskóla en fjögur ár, svo sem verið hefur, meðal annars vegna þess, hve margar framkvæmdir í skólum standa nú yfir. Í kjölfar fjárlagafrumvarpsins mun verða lögð fram tillaga um framkvæmdaáætlun fyrir árið 1973 og gert er ráð fyrir, að afgreiðsla fjárlagafrumvarps og framkvæmdaáætlunar fari saman frá Alþingi, þar sem reynslan hefur sýnt, að nauðsyn ber til að svo sé. Enda kemur þá fram samhliða ein mynd af framkvæmdum hins opinbera, bæði með afgreiðslu fjárlaga og framkvæmdaáætlunar, og verður einnig sett fram heildarmynd af væntanlegum framkvæmdum í þjóðfélaginu á árinu 1973.

Framkvæmdastofnunin hefur unnið að undirbúningi framkvæmdaáætlunarinnar og hefur það að sjálfsögðu verið gert í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun fjármálaráðuneytisins. Sambandi á milli framkvæmdaáætlunar og fjárlagagerðar hefur verið breytt til batnaðar með þessu fjárlagafrumvarpi að nokkru frá því sem verið hefur, m. a. með því að taka nú til útgjalda á fjárlagafrumvarpi vexti og afborganir, eins og t. d. vegna Reykjanesbrautar, sem áður var mætt með nýju lánsfé, svo sem kunnugt er. Þrátt fyrir þá endurbót, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, hefur þó ekki tekizt að þessu sinni að ganga eins langt og nauðsynlegt er, til að gera eðlilega skörp skil á milli þeirra framkvæmdaliða, sem fjármagna á með lánsfé, svo sem framkvæmdir, er gefa síðar af sér tekjur, eins og raforkuframkvæmdir og fleira, og hinna, sem ríkissjóður fjármagnar eingöngu með óafturkræfu framlagi. Nauðsyn ber til að marka um þetta ákveðna stefnu með þeim hraða, sem fjárhagur ríkissjóðs frekast leyfir. Þá er gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrumvarpi, að útgjöld vegna afborgana og vaxtagreiðslna af lánum, sem vegasjóður greiddi áður, verði nú greidd af ríkissjóði, svo sem gert var ráð fyrir við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori.

Þetta fjárlagafrumvarp sýnir nú í fyrsta sinn heildaráhrifin af kjarasamningunum frá desember 1970, þar sem lokaáfangi þeirra gildir nú allt árið 1973 og ýmsar leiðréttingar hafa verið gerðar á þeim, sem ekki var hjá komizt, svo sem eðlilegt var,

þar sem starfsmat, sem þá var upp tekið, var frumsmíð, sem hlaut að verða að aðlaga að einhverju leyti því kerfi, sem áður hafði verið.

Launaliður fjárlagafrumvarpsins hækkar því af þessari ástæðu verulega, og í öðru lagi vegna þess, að nú kemur til útgjalda ákvörðun Kjaradóms um 7% hækkun á launum opinberra starfsmanna frá 1. marz næstkomandi. Í þriðja lagi hækkar svo launaliður fjárlagafrumvarpsins vegna þeirrar ákvörðunar um tilfærslu á útgjöldum milli ríkis og sveitarfélaga, sem gerð var í sambandi við afgreiðslu laga um tekjustofna sveitarfélaga og laga um tekjuskatt og eignarskatt. En þá var ákveðið, að ríkissjóður annaðist greiðslu að öllu leyti á löggæzlukostnaði í landinu. Inn á launalið fjárlagafrumvarpsins nú kemur öll greiðsla launa löggæzlumanna og er sú fjárhæð 263 millj. kr. Hér er að verulegu leyti um tilfærslu að ræða á milli liða innan fjárlagafrumvarpsins frá því sem áður hefur verið. Af þeim ástæðum, er að framan greinir, og vegna þeirrar fjölgunar, sem alltaf á sér stað í ríkiskerfinu að einhverju leyti, hækkar launaliður fjárlagafrumvarpsins í heild um 990 millj. kr. Það skal tekið fram, að eins og áður hefur verið mjög haldið í fjölgun starfsmanna í ríkiskerfinu, þótt með öllu sé ómögulegt að komast hjá einhverri fjölgun.

Útgjöld vegna almannatryggingakerfisins hækka um 734 millj. kr. Þar er haldið fram þeirri stefnu, er mörkuð var á síðasta Alþingi af núverandi ríkisstjórn, um lágmarkstekjur aldra og öryrkja og þau heimildarákvæði, sem ákveðið hefur verið að nota á þessu ári. Endurskoðun laganna um almannatryggingakerfið er ekki lokið og því er ekki séð, hvaða áhrif hún kann að hafa á útgjöld ríkissjóðs og þess tæplega að vænta, að þau áhrif komi fram fyrr en við fjárlagagerð fyrir árið 1974.

Útgjöld vegna niðurgreiðslu á vöruverði hækka um 375 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Sú ákvörðun var tekin af ríkisstjórninni í upphafi þessa árs að láta ekki koma til framkvæmda þá ákvörðun Alþingis, sem samþykkt var við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1972, að lækka niðurgreiðslu á mjólk. Útgjöld samkvæmt fjárlagafrumvarpi þessu til niðurgreiðslna eru miðuð við það, að niðurgreiðslur á verðeiningu verði óbreyttar, eins og þær voru áður en bráðabirgðalögin um verðstöðvun voru sett í júlí s. l.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir útgjöldum vegna bráðabirgðalaganna, hvorki til niðurgreiðslna né fjölskyldubóta í þessu fjárlagafrumvarpi, enda er þeim lögum ekki ætlað að gilda nema til næstu áramóta. Sérstök nefnd vinnur nú á vegum ríkisstjórnarinnar að tillögum um valkosti og leiðir í efnahagsmálum og munu því ákvarðanir í þessum efnum biða þar til tillögur nefndarinnar liggja fyrir. Kostnaði við ráðstafanir þær, sem gerðar voru í júlí s. l., var mætt með niðurskurði á ýmsum útgjaldaliðum fjárlaganna árið 1972, svo sem lækkun framlaga til verklegra framkvæmda. Hins vegar eru þær fjárveitingar nú teknar upp að nýju, svo að ákvarðanir um útgjöld og tekjuöflun vegna væntanlegra ráðstafana í efnahagsmálum verða að fara saman að því leyti sem þær ráðstafanir snerta ríkisútgjöldin.

Tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hún er miðuð við gildandi lög um tekjustofna ríkisins og spár um tekjur, verðmætaráðstöfun og innflutning á árunum 1972 og 1973. Skattvísitölu skal ákveða með fjárlögum. Ef miða hefði átt skattvísitölu við hækkun framfærslukostnaðar á árinu 1972 eina saman hefði hún átt að hækka um 10 stig. Hins vegar tók ríkisstjórnin þá ákvörðun við gerð fjárlagafrumvarpsins, að teknu tilliti til allra aðstæðna, að hækkun skattvísitölnunnar að þessu sinni yrði um 28 stig.

Eins og fram kom í greinargerð fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 1972, var þá hafin endurskoðun á lögum, er varða tekjuöflun ríkissjóðs. Samkvæmt þeirri endurskoðun var gerð breyting á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta Alþingi, og er tekjuöflun fjárlagafrumvarps þessa miðuð við þá breytingu. Þessari endurskoðun hefur verið haldið áfram og er enn ekki lokið. Ekki er ennþá ljóst, vegna þess hve málið er umfangsmikið, hvort eða að hve miklu leyti hægt verður að miða tekjur ársins 1973 við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á tekjuöflun ríkissjóðs á þessu þingi. Þeirri stefnu var fylgt við gerð þessa fjárlagafrumvarps að gæta fyllstu

aðgæzlu í útgjöldum ríkissjóðs, enda hækkun fjárlagafrumvarpsins fyrst og fremst vegna ákvarðana í kjarasamningum, í lögum og til aukinna verklegra framkvæmda. Þá er gert ráð fyrir í þessu fjárlagafrumvarpi verulegum útgjöldum vegna afborgana af lánum ríkissjóðs og vegasjóðs, svo sem áður er að vikið, þ. á m. 250 m.kr. sem fyrstu greiðslu af láni Seðlabanka Íslands, sem stofnað var til í þeim tilgangi að mynda sjóð, er staðið gæti á móti hinni árstíðabundnu sveiflu í ríkisfjármálunum.

Fjárlagafrumvarp þetta er með u. þ. b. 100 millj. kr. greiðsluafgangi, þó að engin ný tekjuöflun eigi sér stað. Ríkisstjórnin mun fylgja þeirri ákvörðun sinni fram við afgreiðslu þessa fjárlagafrumvarps, að fjárlög fyrir árið 1973 verði greiðsluhallalaus.

Skal nú gerð grein fyrir höfuðþáttum fjárlagafrumvarpsins og einstökum greinum þess.

Yfirlit og samanburður við fjárlög 1972.

Meginforsendur frumvarpsins.

Fjárlagaáætlunin er byggð á þeirri forsendu, hvað útgjöld varðar, að kaupgreiðsluvísitala haldist í 117 stigum út árið 1973, en tillit tekið til þeirrar 7% grunnlaunahækkunar, er verður 1. marz n. k. Enn fremur er við áætlun annarra kostnaðarliða höfð hliðsjón af því, að um 13% hækkun hefur orðið frá gerð síðustu fjárlagaáætlunar á vísitölu vöru og þjónustu. Meginforsendur tekjuáætlunar frumvarpsins eru þær, að almenn innlend verðmætaráðstöfun aukist um 10.6% og innflutningur um 14%. Loks er gert ráð fyrir, að skattvísitala verði ákveðin 128 stig.

Miðað við ofangreindar forsendur er rekstrarafgangur fjárlagafrumvarpsins 580 m.kr., en halli á lánahreyfingum nemur 476 m.kr., þannig að greiðslujöfnuður er hagstæður um 104 m.kr.

Gjaldahlið.

Útgjöld á rekstrarreikningi nema í heild 19 867.8 m.kr. á móti 16 549.5 m.kr. í fjárlögum 1972, og er hækkunin því 3 318.3 m.kr., eða 20.1%. Ef frá eru taldir markaðir tekjustofnar, sem fram koma sem útgjöld á rekstrarreikningi og hækka um 273.9 m.kr., eða 12.1%, verða eiginleg ríkissjóðsútgjöld 17 330.8 m.kr., en voru 14 286.4 m.kr. í fjárlögum 1972. Hækkunin nemur þannig 3 044.4 m.kr., eða 21.3%. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á rekstrarútgjöldum fjárlaga 1972 og fjárlagafrumvarps 1973 í þús. kr.:

	Fjárlög '72 Þús. kr.	Frumvarp '73 Þús. kr.	Hækkun	
			Þús. kr.	%
Útgjöld á rekstrarreikn.	16 549 552	19 867 847	3 318 295	20.1
Markaðir tekjustofnar	2 263 202	2 537 089	273 887	12.1
Útgjöld án markaðra tekjustofna	14 286 350	17 330 758	3 044 408	21.3

Launaáætlun á fjárlögum 1972, eins og hún kemur fram á einstökum stofnunum, var miðuð við grunnkaupshækkunir á árinu 1972 samkvæmt kjarasamningum og kaupgreiðsluvísitölu 107.19 stig, en það er sú vísitala, sem gildi fyrir mánuðina sept.—nóv. 1971. Á sérstökum fjárlagalið var svo áætluð fjárhæð vegna verðlagsuppbóta á árinu 1972. Við launaáætlun ársins 1973 er tekið tillit til þeirrar 7% grunnkaupshækkunar, sem verður í marz n. k., og miðað er við verðlagsuppbót samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu 117 stig, þ. e. óbreytt frá því sem nú er, en frá vísitölu 107.19 stig, sem lá til grundvallar fjárlagaáætlunar 1972 fyrir einstakar stofnanir, hafa breytingar orðið þessar: 1. des. 1971 108.37 stig, 1. marz 1972 109.29 stig og 1. júní 1972 117.00 stig. Eins og fram kemur á eftirfarandi yfirliti hækka laun í heild um 989.9 m.kr. frá fjárlögum 1972. Þetta er þó ekki raunveruleg hækkun launa-kostnaðar, þar sem hluti hækkunarinnar stafar af því, að við yfirtöku ríkisins á lög-

gæzlukostnaðarluta sveitarfélaga verður kostnaðinum skipt á einstaka rekstrarliði og einkum á launalið, en hlutdeild ríkisins var áður öll talin yfirfærsla til sveitarfélaga. Hækkun launaliðar af þessum sökum er 263.6 m.kr. Raunveruleg hækkun launa að öðru leyti er því 726.3 m.kr., eða 21.5%.

Eins og fram hefur komið hækka eiginleg útgjöld ríkissjóðs um 3 044.9 m.kr., eða 21.3%, og skiptist hækkunin í meginatriðum þannig:

	Millj. kr.
Laun	989.9
Almannatryggingar	734.4
Niðurgreiðslur	374.6
Vaxtagreiðslur þ. m. t. vegasjóðslán	237.9
Vegagerð framlag ríkissjóðs án launa	120.0
Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir	110.0
Lánasjóður íslenzkra námsmanna	83.0
Bygging barna- og gagnfræðaskóla	78.8
Aðstöðujöfnun nemenda	25.0
Sölustofnun lagmetisiðnaðarins	25.0
Framlag vegna rekstrarhalla togara 1972	25.0
Annað, nettó	240.8

Samtals 3 044.4

Á eftirfarandi yfirliti er sýnd breyting helztu útgjaldaflokka eftir meginskiptingu í fjárlögum í hundraðshlutum frá fjárlögum 1972 að meðtöldum mörkuðum tekjustofnum:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1972
0 10 Laun	29.4
0 20 Önnur rekstrargjöld	26.5
0 27 Viðhald	24.3
0 70 Vextir	252.1
0 80 Gjaldfærður stofnkostnaður	19.3
0 90 Yfirfærslur:	
91 Til fyrirtækja í B-hluta	14.3
92 Til sveitarfélaga	-21.0
93 Til fyrirtækja og atvinnuvega	29.7
94 Til einstaklinga, heimila og samtaka	20.0

Heildarhækkun 20.1

Hlutfallsleg hækkun útgjalda frá fjárlögum 1972 eftir hagrænu eðli er sýnd á eftirfarandi yfirliti:

	Hækkun í % frá fjárlögum 1972
Kaup á vörum og þjónustu	30.1
Samneyzla	32.9
Fjárfesting	19.3
Tilfærslur	14.6
Neyzlu- og rekstrartilfærslur	16.5
Fjármagnstilfærslur	9.2

Heildarhækkun 20.1

Ráðuneyti og málefnaflokkar.

Í þessum hluta greinargerðarinnar verður breyting útgjalda frá fjárlögum 1972 skýrð í meginráttum. Sérstaklega verður og gerð grein fyrir breytingum á mörkuð-

um tekjustofnum og áhrifum þeirra á þróun rekstrarútgjalda. Síðar í greinargerðinni verður svo vikið að breytingum einstakra fjárlagaliða í smáatriðum.

00 Æðsta stjórn ríkisins. Fjárveitingar á þessum lið hækka um 28.0 m.kr. frá fjárlögum 1972, og kemur meginhluti hækkunarinnar fram á launalið, eða 23.7 m.kr., vegna sérstakra ákvarðana um þingfararkaup alþingismanna, laun hæstaréttardómara o. fl. Annar kostnaður við æðstu stjórn hækkar um 4.3 m.kr., að öllu leyti vegna Alþingis.

01 Forsætisráðuneytið. Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Annað	15.8	10.1
	<hr/>	<hr/>
Samtals	18.0	10.1

Yfirstjórn. Af hækkuninni, 2.2 m.kr., stafar 1.1 m.kr. af nýráðningu starfsfólks, og afgangurinn af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Annað. Hækkanir á þessum málaflokki eru vegna Framkvæmdastofnunar ríkisins 3.7 m.kr., Húsameistara ríkisins 1.6 m.kr., Þjóðgarðs á Þingvöllum og Þingvallanefndar 0.4 m.kr. og framlag til Byggðasjóðs, þ. e. hluti álgjalds, 10.1 m.kr., eða samtals 15.8 m.kr.

02 Menntamálaráðuneytið. Þeir málefnaflokkar, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	÷7.1	—
Fræðslumál	766.5	3.1
Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi	56.1	7.2
	<hr/>	<hr/>
Samtals	815.5	10.3

Yfirstjórn. Þessi málefnaflokkur lækkar vegna þess, að 27.1 m.kr. fjárveiting í fjárlögum 1972 er færð á aðra liði, þ. e. til jöfnunar námsaðstöðu 25.0 m.kr. og kostnaður við landspróf og samræmt gagnfræðapróf 2.1 m.kr. Á öðrum liðum verður því 20.0 m.kr. hækkan, þar af kostnaður við aðalskrifstofu 9.0 m.kr., sem stafar af nýráðningu starfsfólks 1.5 m.kr., eðlilegum launahækkunum 4.1 m.kr. og öðrum kostnaði 3.4 m.kr. Kostnaður við endurskoðun námsefnis eykst um 4.6 m.kr., framkvæmd sundskyldu í skólum 3.7 m.kr., kennaranámskeið 1.9 m.kr., og önnur viðfangsefni hækka um 0.8 m.kr.

Fræðslumál. Hækkun fjárveitinga til fræðslumála er 766.5 m.kr., og kemur einkum fram á eftirtöldum liðum: Barna- og gagnfræðastigsskólar 379.4 m.kr., þar af laun 267.6 m.kr., annar rekstrarkostnaður 33.1 m.kr. og byggingar 78.7 m.kr., Lánasjóður íslenskra námsmanna 83.0 m.kr., Háskóli Íslands 64.7 m.kr., jöfnun námsaðstöðu 50.0 m.kr. (flutt af yfirstjórn og hækkan um 25.0 m.kr. frá fjárlögum 1972), menntaskólar 36.1 m.kr., Kennaraháskólinn og Æfinga- og tilraunaskólinn 29.8 m.kr., þar af byggingar 15.7 m.kr., iðnskólar 18.3 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum nemur 102.1 m.kr. Markaður tekjustofn, þ. e. einkaleyfisgjald af Happprætti Háskóla Íslands, sem rennur til byggingasjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna, hækkan um 3.1 m.kr.

Söfn, listir og önnur menningarstarfsemi. Hækkun nemur í heild 56.1 m.kr., þar af náttúruverndarráð og Þjóðgarðar 17.2 m.kr., Þjóðleikhús 13.7 m.kr., og á öðrum liðum kemur fram 18.0 m.kr. nettóhækkun. Markaðir tekjustofnar hækka um 7.2 m.kr., þar af aðflutningsgjald af sjónvarpstækjum 4.3 m.kr., skemmtanaskattur 2.4 m.kr., miðagald til Menningarsjóðs 0.2 m.kr. og hluti gjalds af seldum vindlingum 0.3 m.kr.

03 Utanríkisráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða þessar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. '72
Yfirstjórn	8.8
Löggæzla á Keflavíkurlflugvelli	10.2
Sendiráð	14.5
Alþjóðastofnanir	6.4
	<hr/>
	Samtals 39.9

Yfirstjórn. Hækkunin, 8.8 m.kr., stafar af eðlilegum hækkunum fastra launa, 2.8 m.kr., kostnaði við þátttöku í alþjóðaráðstefnum 2.0 m.kr., flutningi starfsfólks sendiráðanna milli landa og öðrum ferðakostnaði 1.4 m.kr., og ýmis annar kostnaður eykst um 2.6 m.kr.

Löggæzla á Keflavíkurlflugvelli. Laun hækka um 8.2 m.kr. og annar kostnaður um 2.0 m.kr., hvort tveggja vegna eðlilegra launa- og verðlagshækkana.

Sendiráð. Af heildarhækkuninni á þessum málefnaflokk, 14.5 m.kr., koma 10.3 m.kr. fram á launalið sökum grunnlaunahækkana, verðlagsuppbóta, gengishækkana o. fl., eins og nánar er skýrt síðar. Afgangur hækkunarinnar, 4.2 m.kr., skýrist að mestu af verðlags- og gengishækkunum erlendis.

Alþjóðastofnanir. Helztu breytingar á framlögum til alþjóðastofnana eru skýrðar í næsta hluta greinargerðarinnar.

04 Landbúnaðarráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyrar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Búnaðarmál	175.6	0.3
Önnur mál	5.6	—
	<hr/>	
	Samtals 183.4	0.3

Búnaðarmál. Hækkunin á fjárveitingum til búnaðarmála, 175.6 m.kr., kemur þannig fram: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir 110.0 m.kr., jarðræktarframlög 19.0 m.kr., Framleiðnisjóður landbúnaðarins 8.0 m.kr., Rannsóknastofnun landbúnaðarins 7.8 m.kr., Búnaðarfélag Íslands 6.8 m.kr., landgræðsla 6.8 m.kr. og framræsla 6.0 m.kr. Framlag vegna aðstoðar við bændur lækkar um 7.0 m.kr., en á öðrum liðum verður 17.9 m.kr. nettóhækkun. Markaður tekjustofn, þ. e. hluti landgræðslusjóðs af gjaldi af seldum vindlingum, hækkar um 0.3 m.kr.

Önnur mál. Á þessum málefnaflokk eru bændaskólar og Garðyrkjuskólinn að Reykjum, og skýrist hækkunin, 5.6 m.kr., af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

05 Sjávarútvegssráðuneytið. Á málefnaflokkum, er undir þetta ráðuneyti heyrar, verða eftirtaldar breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.8	—
Útvegsmál	68.9	÷0.8
Önnur mál	8.0	—
	<hr/>	
	Samtals 78.7	÷0.8

Útvegsmál. Hækkunin á framlögum til útvegsmála, 68.9 m.kr., kemur þannig fram í meginráttum: Vegna hallarekstrar togara 1972 25.0 m.kr., Hafrannsóknastofnun 24.9 m.kr., aflatryggingasjóður 6.9 m.kr. og Fiskmat ríkisins 6.6 m.kr. Fram-

lag til byggingarsjóðs sildarleitarskips, sem var 5.6 m.kr. í fjárlögum 1972, fellur niður, en nettóhækkun á öðrum fjárlagaliðum nemur 11.9 m.kr. Af mörkuðum tekjustofnum fellur niður sildargjald sem slíkur, en það var 1.6 m.kr. í fjárlögum 1972, og fersk-fiskmatsgjald hækkar um 0.8 m.kr.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefna-flokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. '72
Yfirstjórn	0.5
Dómgæzla, lögreglumál o. fl.	248.3
Þjóðkirkjan	16.1

Samtals 264.9

Dómgæzla, lögreglumál o. fl. Framlög til þessa málefnaflokks hækka um 248.3 m.kr., og kemur hækkunin þannig fram: Landhelgisgæzla 102.4 m.kr., einkum vegna aukinnar skipanotkunar og aukins flugreksturs, löggæzla 78.1 m.kr., embætti sýslumanna og bæjarfógeta að frátalinni löggæzlu 25.8 m.kr., bifreiðaeftirlit 8.0 m.kr., vinnuhælið á Litla-Hrauni 5.0 m.kr., og hækkun á öðrum fjárlagaliðum nemur samtals 29.0 m.kr.

Kostnaður við löggæzlu er nú að fullu borinn af ríkinu, og var kostnaðarhlutdeild sveitarfélaganna, sem ríkið yfirtók, áætluð 150.0 m.kr. í fjárlögum 1972 og löggæzlukostnaður í heild 279.0 m.kr. Vegna yfirtöku ríkisins á þessum kostnaði, verða nokkrar breytingar á uppsetningu fjárlaganna, þannig að meginhlutanum af fjárlagalið 282, löggæzla, ásamt kostnaði yfirteknum af sveitarfélögum er nú skipt á embætti sýslumanna og bæjarfógeta, sakadómara og lögreglustjórans í Reykjavík. Til þess að gera nokkra grein fyrir aukningu kostnaðar við löggæzlu í einstökum umdæmum og embættum, eru á eftirfarandi yfirliti bornar saman fjárveitingar samkvæmt þessu frumvarpi og raunverulegur kostnaður árið 1971, en þær tölur ber þó að taka með vissum fyrirvara varðandi nákvæmni. Höfuðáherzla er lögð á að bera saman launakostnað, sem er mikilvægasti kostnaðarliðurinn, því að upplýsingar um skiptingu annars kostnaðar eftir umdæmum árið 1971 eru ekki fyrir hendi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir óbreyttu mannahaldi frá 1972, nema í Reykjavík, þar sem við bætast 4 lögreglukonur.

Samanburður á kostnaði við löggæzlu 1971 og 1973.

(í millj. kr.)

I. Launakostnaður:	1971	Frumvarp '73	Hækkun
Sakadómaraembætti	15.7	21.8	6.1
Lögreglustjórinn í Reykjavík	100.7	151.8	51.1
Sýslumenn og bæjarfógetar:			
Akranes	4.2	4.7	0.5
Borgarnes	1.3	1.6	0.3
Stykkishólmur	2.3	3.5	1.2
Búðardalur	0.1	0.2	0.1
Patreksfjörður	1.1	1.6	0.5
Bolungarvík	0.6	0.9	0.3
Ísafjörður	4.0	5.0	1.0
Hólmavík	—	0.1	0.1
Blönduós	0.5	1.5	1.0
Sauðárkrókur	1.1	1.7	0.6
Siglufjörður	2.9	4.0	1.1
Ólafsfjörður	0.7	1.1	0.4
Akureyri	9.7	15.5	5.8
Húsavík	3.2	4.1	0.9

	1971	Frumvarp '73	Hækkun
Seyðisfjörður	0.8	1.1	0.3
Neskaupstaður	1.1	1.5	0.4
Eskifjörður	1.4	2.4	1.0
Vík í Mýrdal	1.3	1.9	0.6
Hvolsvöllur	0.6	0.9	0.3
Vestmannaeyjar	6.1	9.3	3.2
Selfoss	4.5	7.8	3.3
Keflavík	7.4	11.9	4.5
Hafnarfjörður	19.4	26.0	6.6
Kópavogur	11.6	15.9	4.3
	Alls 202.3	297.8	95.5
II. Annar kostnaður	50.2	59.3	9.1
	Samtals 252.5	357.1	104.6

Þjóðkirkjan. Framlag hækkar um 16.1 m.kr., þar af 3.3 m.kr. vegna 6 nýrra presta, 10.3 m.kr. vegna fastra launa presta og prófasta og 2.5 m.kr. vegna verðlags.

07 Félagsmálaráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldir breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.2	—
Húsnæðismál	79.9	79.7
Önnur félagsmál	19.7	3.7
	Samtals 101.8	83.4

Húsnæðismál. Hækkunin, 79.9 m.kr., á að fullu rætur að rekja til framlags til Byggingasjóðs ríkisins, þar af markaðir tekjustofnar 79.7 m.kr. og beint ríkissjóðs-framlag 0.2 m.kr. Þeir tekjustofnar, sem hér um ræðir, eru launaskattur, sem hækkar um 62.0 m.kr., og byggingasjóðsgjöld af tekju- og eignarsköttum og aðflutningsgjöldum 17.7 m.kr.

Önnur félagsmál. Á þessum málefnaflokki kemur fram 19.7 m.kr. hækkun, sem skýrist þannig: Meðlög skv. lögum hækka um 7.3 m.kr., orlof húsmæðra um 3.6 m.kr., Þjargráðasjóður um 2.5 m.kr., endurhæfingarráð 1.8 m.kr., framlög í styrktarsjóð fatlaðra og til aðstoðar við blinda um samtals 4.3 m.kr., en þetta voru áður markaðir tekjustofnar skv. lögum (sælgætisgjald), sem nú hafa fallið úr gildi, og er óbreyttri upphæð haldið í frumvarpinu. Þá fellur niður framlag vegna landakaupa kaupstaða og kauptúna, sem var 3.0 m.kr. í fjárlögum 1972, og á öðrum liðum verður 0.5 m.kr. nettólækkun. Markaðir tekjustofnar undir þessum málefnaflokki breytast sem hér segir: Hluti vörugjalds til styrktarsjóðs vangefinna hækkar um 6.4 m.kr., skipulagsgjald um 1.3 m.kr., hluti SVFÍ af gjaldi af seldum vindlingum um 0.2 m.kr. og gjald af seldum eldspýtum til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra 0.1 m.kr., en niður fellur sælgætisgjald 4.3 m.kr., eins og að framan greinir.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Á málefnaflokkum þessa ráðuneytis verða eftirtaldir breytingar:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	3.2	—
Tryggingamál	930.4	84.0
Heilbrigðismál	43.8	÷6.7
Önnur mál	0.8	—
	Samtals 978.2	77.3

Tryggingamál. Framlag til tryggingamála hækkar um 930.4 m.kr., sem skiptist þannig, að í hlut lífeyrstrygginga koma 380.8 m.kr., sjúkratrygginga 454.5 m.kr., slysatrygginga 57.4 m.kr. og atvinnuleysistrygginga 37.7 m.kr. Markaðir tekjustofnar, þ. e. iðgjöld hækka um 84.0 m.kr. nettó, þar af lífeyrstryggingagjald atvinnurekenda 124.0 m.kr., slysatryggingaiðgjöld 57.4 m.kr. og iðgjöld til atvinnuleysistryggingasjóðs 12.6 m.kr., en niður fellur innheimta af eftirstöðvum almannatryggingagjalds, sem var áætluð 110.0 m.kr. í fjárlögum 1972.

Heilbrigðismál. Fjárveitingar til heilbrigðismála hækka samkvæmt frumvarpinu um 43.8 m.kr., þar af landlæknisembættið, einkum laun héraðslækna, 13.0 m.kr., bygging sjúkrahúsa og læknaþústaða 11.1 m.kr., framlag til heilsuverndarstöðva 5.3 m.kr., til Hjartaverndar í stað markaðs tekjustofns 5.0 m.kr., og á ýmsum öðrum liðum verður samtals 16.1 m.kr. hækkun. Á mörkuðum tekjustofnum verður hins vegar 6.7 m.kr. nettólækkun, sem kemur þannig fram: Hækkun verður á samúðarskeytum landsímans 1.2 m.kr., heillaóskaskeytum vegna Krabbameinsfélags Íslands 0.2 m.kr. og á hluta Krabbameinsfélagsins af gjaldi af seldum vindlingum 0.3 m.kr., en niður fellur flöskugjald til Hjartaverndar, sem var 8.4 m.kr. í fjárlögum 1972, en í staðinn kemur 5.0 m.kr. ríkissjóðsframlag, eins og fyrr segir.

09 Fjármálaráðuneytið. Málefnaflokkar fjármálaráðuneytisins breytast þannig:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	12.3	—
Toll- og skattheimta	46.0	3.6
Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun	51.8	—
Önnur mál	10.4	5.0
	<hr/>	<hr/>
Samtals	120.5	8.6

Yfirstjórn. Hækkun kostnaðar við yfirstjórn ráðuneytisins, 12.3 m.kr., skiptist þannig, að 8.1 m.kr. koma á aðalskrifstofu, þar af 1.5 m.kr. vegna nýráðninga, 3.2 m.kr. á ríkisbókhald og 1.0 m.kr. á ríkisfjárhirzlu.

Toll- og skattheimta. Skipting hækkunarinnar á þessum lið, 46.0 m.kr., er þannig: Ríkisskattstjóri og skattstofur 24.5 m.kr., tollstjórinn í Reykjavík 12.7 m.kr., tollgæzla utan Reykjavíkur 2.6 m.kr., Gjaldheimtan 2.5 m.kr. og framlag til tollstöðva, sem er markaður tekjustofn, 3.6 m.kr.

Lífeyrissjóðir, styrktarfé og eftirlaun. Framlög hækka um 51.8 m.kr., einkum vegna lífeyrisuppbóta, sem hækka um 48.6 m.kr., en eftirlaun og styrktarfé hækka um 3.2 m.kr.

Önnur mál. Allverulegar breytingar verða á liðum innan þessa málefnaflokkis, en nettóhækkun er 10.4 m.kr. Hækkunir verða á eftirtöldum liðum sem hér segir: Vaxtagjöld 237.9 m.kr., einkum vegna skulda við Seðlabankann og yfirtöku vegasjóðslána, lífeyrissjóður bænda 10.6 m.kr., lífeyrissjóður verkalýðsfélaga 6.5 m.kr. og fasteignamat 9.2 m.kr. Helztu lækkanir eru þessar: Verðlagsuppbætur á laun, 250.0 m.kr. í fjárlögum 1972, falla niður, framlag vegna byggingar togara 11.5 m.kr. og beint ríkissjóðsframlag í ríkisábyrgðasjóð 5.0 m.kr. Á öðrum liðum verður 7.7 m.kr. nettóhækkun, og áhættugjald vegna ríkisábyrgða, sem er markaður tekjustofn, hækkar um 5.0 m.kr.

10 Samgönguráðuneytið. Eftirfarandi breytingar verða á málefnaflokkum þessa ráðuneytis:

	Breyt. frá fjárl. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	1.8	—
Vegamál	216.4	67.0
Önnur samgöngumál	26.3	13.1
	<hr/>	<hr/>
Samtals	244.5	80.1

Vegamál. Hækkun framlaga til vegamála, 216.4 m.kr., skiptist þannig, að 149.4 m.kr. eru beint framlag úr ríkissjóði og 67.0 m.kr. markaðir tekjustofnar til rekstrar og framkvæmda. Beint framlag ríkissjóðs til vegagerðar hækkar um 150.0 m.kr. skv. vegáætlun, en framlag til að bæta þjónustu við ferðamenn að vetrarlagi o. fl. lækkar um 0.6 m.kr.

Önnur samgöngumál. Hækkunin, 26.3 m.kr., skýrist þannig: Framlag til Skipaútgerðar ríkisins hækkar um 15.5 m.kr., til hafnamála 14.4 m.kr., til veðurstofunnar 10.8 m.kr., til siglingamálastofnunarinnar 5.0 m.kr., til ferðamála 4.8 m.kr. og til ýmissa annarra liða 5.1 m.kr. Á móti fellur niður framlag vegna byggingar strandferðaskipa, sem var 36.0 m.kr. í fjárlögum 1972, en kemur nú fram sem afborgun lána á lánahreyfingum, og beint ríkissjóðsframlag til vitamála lækkar um 6.4 m.kr. Hins vegar hækkar vitagjald, sem er markaður tekjustofn, um 12.6 m.kr., og sér-fissjóðsgjald um 0.5 m.kr.

11 **Iðnaðarráðuneytið.** Breytingar á málefnaflokkum iðnaðarráðuneytisins eru þessar:

	Breyt. frá fjár. 1972	Þar af markaðir tekjustofnar
Yfirstjórn	2.8	—
Iðnaðarmál	38.0	4.2
Orkumál	17.6	0.4
	<hr/>	<hr/>
Samtals	58.4	4.6

Iðnaðarmál. Sú 38.0 m.kr. hækkun, sem verður á þessum málefnaflokki, skýrist þannig, að inn er tekið 25.0 m.kr. framlag til Sölustofnunar lagmetisiðnaðarins skv. lögum, 2.0 m.kr. framlag til gosefnarannsóknna og 2.0 m.kr. framlag vegna líffræðilegra rannsókna á Mývatns- og Laxársvæðinu. Kostnaður við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins eykst um 3.9 m.kr. og á öðrum liðum verður 0.9 m.kr. nettóhækkun. Af 4.2 m.kr. hækkun markaðra tekjustofna eru 3.9 m.kr. vegna iðnaðargjalds og 0.3 m.kr. vegna byggingariðnaðarsjóðsgjalds.

Orkumál. Hækkun framlaga til orkumála, sem nemur 17.6 m.kr., kemur þannig fram, að framlag til Orkusjóðs vegna lánagreiðslna hækkar um 17.0 m.kr. og til Orkustofnunar um 9.0 m.kr., en framlag til jarðvarmaveitna lækkar um 8.7 m.kr. Loks hækkar rafmagnseftirlitsgjald, sem er markaður tekjustofn, um 0.3 m.kr.

12 **Viðskiptaráðuneytið.** Málefnaflokkar þessa ráðuneytis breytast sem hér segir:

	Breyt. frá fjárl. '72
Yfirstjórn	1.5
Niðurgreiðslur	374.6
Annað	2.4
	<hr/>
Samtals	378.5

Niðurgreiðslur. Niðurgreiðsluáætlunin miðast við það, að sú aukning, sem ákveðin var í júlí sl. sem hluti verðstöðvunaraðgerða, haldist ekki lengur en til næstu áramóta. Heildarniðurgreiðslur eru þannig áætlaðar 1.560.0 m.kr. á árinu 1973.

13 **Hagstofa Íslands.** Hækkun 3.5 m.kr. og

14 **Ríkisendurskoðun.** Hækkun 4.3 m.kr. stafar í báðum tilvikum að verulegu leyti af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.

Tekjuhlíð.

Tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1973 er unnin af hagrannsóknadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Er hún byggð á þjóðhagsspá deildarinnar fyrir það ár, eins og hún stóð í lok júlímánaðar sl. Þeir þættir þjóðhagssparinnar, sem mest áhrif hafa á tekjuáætlun ríkissjóðs, eru spáin um almenna innlenda verðmætaráðstöfun, sem gert er ráð fyrir að aukist um 10.6% í peningum, og innflutningsspáin, sem hækkar um allt að 14% samkvæmt þjóðhagsáætluninni. Meginforsendur tekjuáætlunarinnar að því er varðar kaup og verðlag eru þessar: Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að engar aðrar breytingar verði á kauplagi en þegar eru ákveðnar með samningum ASÍ og vinnuveitenda og samkvæmt úrskurði kjaradóms sl. vor, þ. e. 6% grunnkaupshækkun verkafólks, iðnaðarmanna og verzlunarfólks og 7% grunnkaupshækkun hjá opinberum starfsmönnum frá 1. marz 1973. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að kaupgreiðsluvísitalan hækki ekki frá núverandi stigi, þ. e. vísitölu 117, og framfærsluvísitalan hækki aðeins um 1% frá ágúst 1972, en þá var hún 174.8 stig. Þessar forsendur fela í sér mun minni hækkunir en verið hafa, þannig að meðalhækkun framfærsluvísitölu milli árana 1972 og 1973 yrði 4% og hækkun vísitölu vöru og þjónustu einnig 4%. Hvort þessar forsendur standast, ræðst svo m. a. af væntanlegum almennum efnahagsráðstöfunum stjórnvalda og þá sérstaklega aðgerðum í verðlags- og kaupgjaldsmálum.

Eins og venja hefur verið á undanförunum árum, sýna allar tekjutölurnar áætlaða innheimtu á almanaksárinu en ekki álagningu, en á þessu tvennu getur verið verulegur munur. Áætlanir um innheimtu eru byggðar á tölum ríkisbókhaldsins um samhengi álagningar og innheimtu á árinu 1971 og fram á mitt ár 1972.

Samkvæmt lögum skal skattvísitala ákveðin í fjárlögum hverju sinni. Hækkun vísitölu framfærslukostnaðar milli meðaltals árana 1971 og 1972 er um 10%, sem að öðru óbreyttu væri eðlileg viðmiðun við ákvörðun skattvísitölu. Miðað við núverandi vísitölu 100 ætti skattvísitalan við álagningu 1973 þannig að ákvarðast 110. Af orsökum, sem greindar eru í inngangi þessara athugasemda, hefur hins vegar verið ákveðið að miða tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins við vísitölu 128 stig.

Heildartekjur á rekstrarreikningi eru áætlaðar 20 447.5 m. kr., en 16 898.9 m. kr. í fjárlögum 1972. Er hækkunin því 3 548.6 m. kr., eða 21.0%. Af heildartekjum nema markaðir stofnar 2 568.8 m. kr. á móti 2 321.7 m. kr. í fjárlögum 1972, og nemur hækkun þeirra því 247.1 m. kr., eða 10.7%. Eiginlegar tekjur ríkissjóðs, þ. e. heildartekjur á rekstrarreikningi að frádregnum mörkuðum tekjustofnum, nema þannig 17 878.7 m. kr., en voru 14 577.2 m. kr. í fjárlögum 1972, og er hækkunin 3 301.5 m. kr., eða 22.6%. Verður nú vikið að breytingum einstakra skatta og skattflokka.

Persónuskattar. Hækkun persónuskatta nemur í heild 84.0 m. kr., eða 42.9%. Lífeyrstryggingaiðgjald atvinnurekenda hækkar um 124.0 m. kr., koma þar einkum til þær hækkunir bóta, sem ákveðnar hafa verið frá samþykkt síðustu fjárlaga, en atvinnurekendur standa undir 14% bóta almannatrygginganna, annarra en fjölskyldubóta. Slysatryggingaiðgjöld hækka um 57.4 m. kr., eða 60.4%, sökum mikillar útgjaldaaukningar slysatryggingadeildarinnar, og voru iðgjaldataxtar hækkaðir um 50% í ársbyrjun 1972. Iðgjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs hækkar um 12.6 m. kr., en aftur á móti er ekki gert ráð fyrir innheimtu eftirstöðva fyrri ára af almannatryggingagjaldi, og var sá liður áætlaður 110.0 m. kr. í fjárlögum 1972.

Eignarskattar. Hækkun tekna af eignarsköttum er áætluð 74.0 m. kr. Eignarskattur einstaklinga hækkar um 24.1 m. kr., og er þá miðað við óbreyttan skattstiga og óbreytt fasteignamat, en um 10% aukningu álagningarstofns aðallega vegna aukinnar

íbúða- og bifreiðaeignar og verðbreytinga. Eignarskattur félaga hækkar um 49.2 m. kr., og er þá byggt á sömu forsendum og við eignarskatt einstaklinga að öðru leyti en því, að aukning álagningarstofns er áætluð 6%. Byggingasjóðsgjöld af eignarskatti hækka um 0.7 m. kr., en erfðafjárskattur er áætlaður óbreyttur frá fjárlögum 1972.

Tekjuskattar eru í heild áætlaðir 1 342.3 m. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Tekjuskattur einstaklinga hækkar um 1 347.0 m. kr., og er þá miðað við óbreytt lög eftir þær ívilnanir til aldraðra, sem ákveðnar voru með bráðabirgðalögum í ágúst sl., og skattvisitölu 128, eins og að framan greinir. Þá er áætlað, að heildartekjur einstaklinga til skatts að meðtalinni fjölgun framteljenda hækki um nálægt 30% milli árána 1971 og 1972. Tekjuskattur félaga lækkar hins vegar um 18.0 m. kr. frá fjárlögum 1972, en útlit er fyrir, að hagar ýmissa atvinnugreina hafi versnað í ár miðað við afkomuna 1971. Byggingasjóðsgjöld af tekjuskatti hækka um 13.3 m. kr.

Gjöld af innflutningi. Þessi flokkur skatta hækkar um samtals 1 046.3 m. kr., og munar þar mest um hlut ríkissjóðs af almennum aðflutningsgjöldum, er hækkar um 743.7 m. kr. Þessi áætlun er reist á grundvelli forsendna þjóðhagssparinnar, þar sem spáð er 14% aukningu almenns vöruinnflutnings. Gert er ráð fyrir heldur lægra meðaltollhlutfalli á næsta ári en í ár, 22.8% í stað 23.3%, eingöngu vegna minni bilainnflutnings á næsta ári. Leyfisgjald af bifreiðum, sem ekki var í fjárlögum 1972, er áætlað 236.8 m. kr., innflutningsgjald af benzini hækkar um 45.3 m. kr. og önnur gjöld af innflutningi um samtals 20.5 m. kr.

Skattar af framleiðslu hækka í heild um 36.6 m. kr., þar af gjald af innlendum tollvörum 26.5 m. kr. og álgjald 10.1 m. kr.

Skattar af seldum vörum og þjónustu. Heildarhækkun í þessum flokki nemur 852.2 m. kr., þar af hluti ríkissjóðs af söluskatti 363.0 m. kr. Orsök þess, að innheimtar tekjur af söluskatti aukast ekki meira en þetta, þrátt fyrir áætlaða 10.6% aukningu innlendra verðmætaráðstöfunar, er fólgin í því, að í fjárlagaáætlun 1972 er tekið tillit til flýtingar innheimtu, sem verður til þess, að þrettán mánaða álagning kemur til innheimtu á árinu, og eykur það söluskattstekjur væntanlega um 360 m. kr. frá því, sem ella hefði orðið. Launaskattur hækkar um 155.0 m. kr., eða 19.4%, sökum herra launastigs. Söluhagnaður Á.T.V.R. hækkar um 325.0 m. kr., og kemur þar bæði til verðhækkunin í marz 1972 og aukning kaupmáttar tekna almennings. Aðrir liðir hækka um samtals 9.2 m. kr.

Aðrir óbeinir skattar. Þessi flokkur skatta hækkar um 98.7 m. kr. Tekjur af stimpilgjaldi aukast um 36.0 m. kr., aukatekjur um 5.4 m. kr., þinglýsingatekjur um 23.0 m. kr., bifreiðaskattur um 10.0 m. kr., vitagjald um 12.6 m. kr. vegna nýrra laga, hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna hækkar um 18.2 m. kr., áhættugjald vegna ríkisábyrgða um 5.0 m. kr., ýmsir aðrir liðir um samtals 8.0 m. kr., en veggjald, sem var 19.5 m. kr. í fjárlögum 1972, fellur nú niður.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta. Tekjur á þessum lið hækka um 7.7 m. kr., sem kemur þannig fram, að tekjur af Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli aukast um 13.8 m. kr., en greiðslur í ríkissjóð frá flugmálastjórn lækka um 5.4 m. kr. Er það vegna aukinnar fjárfestingar í tækjabúnaði o. fl., samtals 17.6 m. kr., en brúttótekjur flugmálastjórnar eru áætlaðar 20.5 m. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Loks fellur út arðgreiðsla frá Gutenberg, 0.7 m. kr. í fjárlögum 1972.

Ýmsar tekjur hækka um 6.8 m. kr., einkum vegna sekta og upptækra vara til ríkissjóðs, sem hækka um 5.4 m. kr., en aðrir liðir hækka um samtals 1.4 m. kr.

Lánahreyfingar.

Lánahreyfingar inn nema samtals 36.6 m.kr., sem er 32.8 m.kr. hækkun frá fjárlögum 1972. Lánahreyfingar út nema samtals 512.3 m.kr. og hafa hækkað frá fjárlögum 1972 um 246.6 m.kr., einkum vegna greiðslu yfirdráttarskuldar við Seðlabanka Íslands, sem breytt hefur verið í fast lán. Verður nánar vikið að helztu orsökum hækkunarinnar hér á eftir. Halli á lánahreyfingum er þannig 475.7 m.kr., en var 261.9 m.kr. í fjárlögum 1972. Á eftirfarandi yfirliti er gerður samanburður á lánahreyfingum inn og út í fjárlögum 1972 og frumvarpi 1973 í þús. kr.:

Inn:		Fjár. '72	Frumv. '73	Mism.
Fjár.nr.	Stofnun			
4	Atvinnujöfnunarsjóður	—	14 300	14 300
—	Landsvirkjun v. aðflutningsgj.	—	3 375	3 375
—	Bifreiðakaupalán	—	3 586	3 586
—	Hampiðjan h/f v. Heyrnleysingjask.	—	2 000	2 000
—	Reykjavíkurborg v. fiskiðjuvers	—	1 070	1 070
—	RARIK	—	3 733	3 733
—	Ýmsar afborganir	3 800	8 512	4 712
		3 800	36 576	32 776
Út:		Fjár. '72	Frumv. '73	Mism.
Fjár.nr.	Stofnun			
01 902	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallaneftnd	2	—	÷2
02 201	Háskóli Íslands	262	—	÷262
02 422	Ríkisútgáfa námsbóka	765	765	—
02 921	Þjóðgarðurinn, Skaftafelli	326	—	÷326
04 231	Skógrækt ríkisins	370	352	÷18
04 241	Landnám ríkisins	340	793	453
09 991	Ýmis lán ríkissjóðs:			
	Menntaskólinn í Reykjavík	575	575	—
	Menntaskólinn á Akureyri	507	507	—
	Menntaskólinn á Laugarvatni	750	750	—
	Menntaskólinn við Hamrahlíð	3 429	3 429	—
	Tækniskólinn	287	287	—
	Kennaraháskóli Íslands	814	814	—
	Hjúkrunarskóli Íslands	308	308	—
	Héraðsskólinn Reykholti	34	36	2
	Bændaskólinn Hvanneyri	10	8	÷2
	Heyrnleysingjaskólinn	3 820	—	÷3 820
	Landspítalinn	7 232	6 482	÷750
	Lögreglustöðin í Reykjavík	5 723	3 533	÷2 190
	Skattstofa Suðurlands	7	7	—
	Búnaðarbankinn, Sauðárkróki	600	—	÷600
	Handhafalán v. Túngötu 7	733	—	÷733
	Seðlabankinn v. Skjaldbreiðareignar	800	800	—
	Seðlabankinn v. Drangsness	14	—	÷14
	Seðlabankinn v. Vonarstrætis 12	350	350	—
	Seðlabankinn v. skólabygginga í Rvík	5 000	5 000	—
	Seðlabankinn v. Áburðarsölu	5 200	5 200	—
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldar	100 000	8 582	÷91 418
	Seðlabankinn v. framlags til Atvinnumála-nefndar ríkisins	14 300	14 300	—

Fjárl.nr.	Stofnun	Fjárl. '72	Frumv. '73	Mism.
	Tryggingast. v. húsnæðis fyrir geðsjúklinga ..	150	150	—
	Brunabótafélag v. Seyðisfjarðarhúsa	14	14	—
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss ..	75	75	—
	Prestakallasjóður	117	67	÷50
	Spariskirteinalán v. stofnframlags til Lands- virkjunar	4 556	4 556	—
	PI-480 v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	1 805	1 791	÷14
	Landsb. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju	200	200	—
	Landsb. Ísl. á Selfossi v. prestsseturs í Vík ..	86	86	—
	Sparisj. Rvíkur v. biskupsbústaðar	35	35	—
	Sparisj. Rvíkur v. Vonarstrætis 8	40	40	—
	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins v. prestsbúst í Vík	5	5	—
	Lífeyrissj. verzlunarm. v. Vonarstrætis 8	16	16	—
	Framkvsj. v. hlutabréfakaupa í Kísiliðju ..	3 391	3 880	489
	Veðd. Landsb. v. prestsbúst. á Húsavík	2	2	—
	Veðd. Landsb. v. prestsbúst. á Blönduósi ...	4	4	—
	Veðd. Landsb. v. prestsbúst. í Hveragerði ..	8	8	—
	Ferðamálasjóður	58	61	3
	Handhafalán v. eignakönnunar	374	374	—
	Handhafalán v. Skjaldbreiðareignar	750	750	—
	Handhafalán v. Kirkjustrætislóða	2 050	2 050	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 12	352	352	—
	Lán v. hlutabréfakaupa í Áburðarverksm. ..	5 838	5 838	—
	Handhafalán v. Tjarnargötu 3	318	318	—
	Handhafalán v. Vonarstrætis 8	850	850	—
	Handhafalán v. biskupsbústaðar	358	358	—
	Handhafalán v. prestsbúst. á Húsavík	100	100	—
	Handhafalán v. prestsbúst. í Hveragerði	32	32	—
	Handhafalán v. prestsbúst. á Blönduósi	94	94	—
	Byggingarsj. Listasafns Ísl. v. Kjarvalshúss ..	315	315	—
	Seðlabankinn v. hækkunar á framlagi til Alþjóðabankans	—	5 991	5 991
	Export-Import Bank v. framlags til stækkunar Kísiliðjunnar	—	8 742	8 742
	Handhafalán v. dýralæknabústaða	—	200	200
	Framkvsj. v. framlags til Kísiliðju	—	2 000	2 000
	Lán vegna I.D.A.	—	1 320	1 320
	Spariskirteinalán v. perlusteinsvinnsluranns.	250	250	—
	Handhafalán v. embættisbúst. bæjarfógetans á Akranesi	—	550	550
	Landsb. Ísl. v. skrifstofuhúsnæðis embættis sýslumanns á Hvolsvelli	—	450	450
	Seðlabanki Ísl. v. kaupa á flugvél fyrir Land- helgisgæzlu	—	5 945	5 945
	Scandinavian Bank Limited v. endurbóta á v.s. Þór	—	9 441	9 441
	Seðlabanki Íslands v. þyrlukaupa	—	9 030	9 030
	Bygging prestssetra	—	500	500
	Lán v. kaupa á Laugarásvegi 71 fyrir Klepps- spítala	—	538	538
	Lán v. kaupa á Tunguhálsi 2 fyrir þvottahús ríkisspítalanna	—	1 487	1 487
	Lán v. kaupa á Valhöll fyrir Háskóla Íslands	—	2 186	2 186

Fjárlnr.	Stofnun	Fjárlnr. '72	Frumv. '73	Mism.
	Scandinavian Bank Limited v. Landsvirkjunar, sbr. l. nr. 37/1971	—	6 994	6 994
	Sendiráðið í Kaupmannahöfn	436	477	41
	Sendiráðið í Osló	37	81	44
	Sendiráðið í Stokkhólmi	845	1 420	575
	Sendiráðið í Washington	312	255	÷57
	Sendinefnd Íslands hjá S. þ.	448	254	÷194
	Sendinefnd Íslands hjá EFTA	306	8	÷298
	Vegagerð v. Reykjanesbrautar	23 282	42 177	18 895
	Vegagerð v. Ólafsvíkurvegar	713	713	—
	Vegagerð v. Siglufjarðarvegur	2 893	2 893	—
	Vegagerð v. Ólafsfjarðarvegur	766	766	—
	Vegagerð v. Suðurlandsvegur	442	442	—
	Vegagerð v. Kísilvegur	2 458	2 458	—
	Vegagerð v. Vestfjarðaáætlunar	6 724	7 794	1 070
	Vegagerð v. Hafnarfjarðarvegur	1 333	1 333	—
	Vegagerð v. Suðurfjarðarvegur	159	159	—
	Vegagerð v. Landsvegur	1 500	—	÷1 500
	Yfirtekin lán pr. 1. jan. 1973 v. vegag.	34 745	33 153	÷1 592
	Lán v. byggingar strandferðaskipa	—	34 497	34 497
	Lán v. kaupa á jarðhitaréttindum við Mývatn	10 900	—	÷10 900
	Seðlabankinn v. yfirdráttarskuldur	—	250 000	250 000
	Lán v. sjó- og jarðefnarannsóknna	1 578	1 514	÷64
10 656	Landmælingar	200	200	—
11 201	Iðnþróunarstofnun Íslands	788	788	—
		265 666	512 305	246 639

Þess skal getið í sambandi við lánahreyfingar inn, að hækkunin stafar fyrst og fremst af vanáætlun fyrri ára, en felur ekki í sér tilsvarendi aukningu á útlánnum ríkissjóðs árið 1972. Fyrr hefur verið reynt að áætla lánahreyfingar inn í einni tölu, eins og yfirlitið að framan ber með sér, en nú og framvegis verður þessi liður sundurgreindur. Eins og getið er hér að framan, er meginorsök þeirrar 247 m.kr. hækkunar, sem verður á lánahreyfingum út, fólgin í skuldagreiðslu til Seðlabankans, en gerður hefur verið nýr samningur um breytingu á 1 000 m.kr. yfirdráttarskuld í fast lán til 4 ára. Af þessum sökum hækkar greiðsla til Seðlabankans um 158.6 m.kr. og verður 250 m.kr., en hliðstæð greiðsla vegna fyrri samnings, sem er loka-greiðsla, lækkar um 91.4 m.kr. Aðrir hækkunarliðir, sem ástæða er til að nefna sérstaklega, eru afborganir af lánnum, sem tekin voru á þessu ári vegna Landhelgis-gæzlu, samtals 24.4 m.kr., afborganir af lánnum vegna smíði strandferðaskipa 34.5 m.kr., afborganir af skuldum vegna Reykjanesbrautar 18.8 m.kr., og nettóhækkun á öðrum liðum er 10.3 m.kr.

Athugasemdir við einstaka liði frumvarpsins.

Áður hefur komið fram, að nálægt einn þriðji hluti heildarhækkunar útgjalda á rekstrarreikningi á rætur að rekja til launakostnaðar, og verulegur hluti þeirrar hækkunar til kjarasamninga og verðlagsuppbóta. Síðarnefndu hækkunirnar koma að sjálfsgöðu fram á flestum fjárlagaliðum, og þar sem gerð hefur verið nokkur grein fyrir launahækkunum í heild hér að framan, þykir ekki ástæða til að endur-taka þær, þegar rætt er um einstakar stofnanir. Í skýringum þeim, sem hér fara á eftir, verður sem fyrr greint frá öllum nýráðningum stofnana, en ekki rætt sér-staklega um stofnanirnar, þar sem hækkunir fjárveitinga orsakast að mestu eða

öllu leyti af áhrifum kjarasamninga eða verðlagsuppbóta, nema þess þyki sérstök þörf til skýringar. Á sama hátt verða kostnaðaraukningar á öðrum rekstrarliðum ekki ræddar sérstaklega, þegar þær eiga eingöngu rætur að rekja til verðlagshækkana, en ekki aukins umfangs í rekstri.

00 Æðsta stjórn ríkisins.

- 201 **Alþingi.** Fjárveiting hækkar samkvæmt frumvarpinu um 22 223 þús. kr. Mest munar þar um þingfararkaup alþingismanna, sem hækkar um 15 268 þús. kr., eða 29.4%, en það er meiri hlutfallsleg aukning en almennt hefur átt sér stað í ríkiskerfinu. Ástæðurnar eru af tvennum toga. Annars vegar ákvað þingfararkaupsnefnd árið 1971 að hækka og auka umfang greiðslna vegna ferðakostnaðar þingmanna, húsaleigu og aukaferða í kjördæmi, og hins vegar er reiknað með fjölgun varamanna á þingi, og er þá byggt á reynslu síðasta þings. Önnur laun, einkum laun á skrifstofu, hækka um 2 575 þús. kr., eða 9.5%, ýmis annar rekstrarkostnaður hækkar um 4 250 þús. kr., þar af vegna húss Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn 900 þús. kr., og loks hækkar kostnaður vegna sérfræðilegrar aðstoðar við þingflokkanana um 130 þús. kr.
- 401 **Hæstiréttur.** Laun hæstaréttardómara hækka um 2 803 þús. kr. frá fjárlagatölu 1972, eða 60.6%. Hækkunin umfram almenna grunnkaupshækkun og verðlagsuppbætur skýrist af ákvörðun kjaradóms frá ágúst sl.

01 Forsætisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum verður samtals 2 177 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Inn koma laun blaðafulltrúa ríkisstjórnarinnar 743 þús. kr. og laun ritara 403 þús. kr., en eðlilegar launahækkunir nema 787 þús. kr. Annar kostnaður eykst um 244 þús. kr.
- 102 **Framkvæmdastofnun ríkisins.** Framlag til stofnunarinnar, sem tekið hefur við starfsemi Efnahagsstofnunarinnar o. fl., er nú flokkað sem tilfærsla, en áður hafði hluti ríkissjóðs, sem var þriðjungur af rekstrarkostnaði Efnahagsstofnunarinnar, komið sundurliðaður á fjárlög. Framlagið nemur 9 000 þús. kr., en kostnaðarhluti ríkissjóðs í rekstri Efnahagsstofnunarinnar var áætlaður 5 274 þús. kr. í fjárlögum 1972, og er aukning frá því 3 726 þús. kr.
- 171 **Framlag til Byggðasjóðs** er annars vegar 100 000 þús. kr. ríkissjóðsframlag skv. lögum og hins vegar álgjald. Nemur hækkun heildarframlagsins 10 100 þús. kr., eingöngu vegna álgjaldsins, sem í heild er áætlað 53 300 þús. kr.

02 Menntamálaráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á þessum lið kemur fram 7 102 þús. kr. lækkun, en þar sem framlag til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, 25 000 þús. kr. í fjárlögum 1972, og kostnaður við landspróf og samræmt gagnfræðapróf, sem var 2 126 þús. kr. í fjárlögum 1972, hafa verið færð af þessum lið, er í raun um 20 024 þús. kr. hækkun að ræða. Viðfangsefnið „Yfirstjórn“ hækkar um 8 956 þús. kr., þar af föst laun 4 119 þús. kr., ráðning nýs bókara 323 þús. kr. og fulltrúa í fræðsludeild 569 þús. kr., laun fulltrúa, sem verið hefur í leyfi, 598 þús. kr., nefndakostnaður o. þ. h. eykst um 1 634 þús. kr., en liður þessi hefur verið vanáætlaður í fjárlögum undanfarin ár. Samtals hækkar launakostnaður á yfirstjórn þannig um 7 243 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður þar um 1 713 þús. kr., eða tæplega 15%. Námsstjórar. Kostnaður eykst um 711 þús. kr. að mestu vegna eðlilegra launahækkana. Endurskoðun námsefnis hækkar um 4 638 þús. kr., en unnið er að þessu verkefni eftir fastri áætlun, og kostnaður við kennaranámskeið hækkar um 1 901 þús. kr. Framlag til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 3 738 þús. kr., og er áætlunin byggð á raunverulegum kostnaði síðasta reikningsár, sem fyrir hendi er.

Framlag til unglingsfræðslu hækkar um 100 þús. kr., en framlag til fyrrverandi barnakennara lækkar um 20 þús. kr.

- 201 Háskóli Íslands. Enn verður mjög veruleg hækkun á kostnaði við háskólann, og er þar um sömu orsakir að ræða og greindar voru í skýringum við fjárlagafrumvarp ársins 1972, þ. e. launahækkunir í samræmi við kjarasamninga og verðlagsuppbætur, fjölgun stúdenta og ný kennslusvið, sem hvort tveggja krefst aukins kennslumagns og kostnaðar við aðra aðstöðu. Áætlað er, að um næstu áramót verði um 2 300 stúdentar við nám í háskólanum, en voru 1 954 í janúar sl., og upp verður tekin kennsla á allmörgum nýjum sviðum, einkum í verkfræði- og raunvísindadeild, læknadeild, lagadeild og viðskiptadeild, eftir því sem kennsla skv. nýjum reglugerðum kemur til framkvæmda. Í heild hækkar framlag úr ríkissjóði um 64 668 þús. kr., eða 33.7%, og skiptist sú hækkun þannig eftir viðfangsefnum:

Yfirstjórn hækkar um 3 161 þús. kr., þar af laun 2 132 þús. kr., sem skiptist þannig, að gert er ráð fyrir ráðningu fulltrúa, 569 þús. kr., og hækkun fastra launa o. fl. nemur 1 562 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 1 030 þús. kr., einkum fjölrítunar- og skrifstofukostnaður, kostnaður við háskólahátið og háskólaráð. **Guðfræðideild.** Hækkun nemur 1 667 þús. kr., þar af laun nýs lektors í kirkjusögu 625 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launahækkunir að ræða. **Læknadeild.** Kostnaður eykst í heild um 12 574 þús. kr. Gert er ráð fyrir eftirfarandi nýráðningum: Prófessor í heimilislækningum, 3 dósentar með eldra sniði, þ. e. í hluta starfs í lífefnafræði, en á móti fellur niður staða lektors í fullu starfi, dósent í stað lektors í líffærameinafræði, lektor í lífeðlisfræði, lektor í lyfjafræði, lektor í lífefnafræði (hálftr starf), lektor í barnsjúkdómafræði, lektor í kvensjúkdóma- og fæðingafræðum og adjunkt í lyfjafræði. Samtals er kostnaður við þessar stöður 3 106 þús. kr. Stundakennslukostnaður hækkar um 2 033 þús. kr., rannsóknir og verkleg kennsla um 1 517 þús. kr. og önnur laun, að mestu föst laun, um 4 861 þús. kr. Rekstrargjöld hækka um 1 057 þús. kr., einkum vegna rannsókna og verklegrar kennslu. **Tannlæknadeild.** Heildarhækkun er 3 240 þús. kr., þar af laun nýs lektors í barnatannlækningum 625 þús. kr., en að öðru leyti hækka föst laun um 2 290 þús. kr. og rekstrargjöld um 325 þús. kr. **Lyfjafræði lyfsala.** Kostnaður hækkar um 763 þús. kr., einkum vegna fastra launa og af sömu ástæðu hækkar kostnaður við lagadeild um 2 259 þús. kr., en þó er þar gert ráð fyrir ráðningu adjunkts í refsirétti frá 1. ágúst 1973. **Viðskiptadeild.** Kostnaður er áætlaður 3 296 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972, þar af vegna ráðningar dósents í stærðfræði, lektors í þjóðhagfræði og lektors í endurskoðun, samtals 1 624 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilega hækkun fastra launa. **Heimspekideild.** Hækkun nemur 7 433 þús. kr., þar af nýráðningar 2 039 þús. kr., en hér er um að ræða staðgengil í prófessorsstöðu háskólarektors í sagnfræði, sem féll niður af vangá í fjárlögum 1972, lektor í almenntri bókmenntasögu og lektor í sálarfræði. Hækkun fastra launa, stundakennslu o. þ. h. nemur 5 624 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 230 þús. kr., þar sem kostnaður við sumarnámskeið fyrir stúdentana frá Norðurlöndum fellur niður á árinu. **Verkfræðideild.** Heildarhækkun nemur 16 005 þús. kr. Vegna mikillar aukningar kennslu í verkfræðiskor, en við bætist heill árgangur til B.S. prófs, hefur verið farið fram á mikla fjölgun kennaraliðs. Þar sem hins vegar nokkur vafi ríkir um möguleikana á því að fá allar umbeðnar stöður fylltar, hefur sá háttur verið á hafður að veita ákveðna fjárhæð, 4 800 þús. kr., til nýrra embætta þar, miðað við fjárlög 1972, sem yrðu þá heimilud hvert um sig eftir því sem til kæmi. Í stærðfræðiskor er gert ráð fyrir ráðningu tveggja dósenta frá miðju ári, en niður fellur ein dósentsstaða með eldra sniði, og er nettókostnaður 500 þús. kr. Loks er í náttúrufræðiskor áætluð ráðning dósents í grasafræði, dósents í örverufræði í stað adjunkts, dósents í jarðfræði í stað adjunkts og lektors í landafræði, og er

- nettókostnaður 2 273 þús. kr. Samtals nemur því kostnaður við nýjar stöður 7 573 þús. kr., föst laun hækka um samtals 5 602 þús. kr. í deildinni og stundakennsla o. fl. um 1 462 þús. kr., þannig að laun hækka í heild um 14 637 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 1 368 þús. kr., einkum vegna verklegrar kennslu og rannsóknarverkefna. Kostnaður við bókasafn hækkar um 1 913 þús. kr., þar af föst laun 781 þús. kr., ráðning bókavarðar 598 þús. kr., önnur laun 334 þús. kr. og bókakaup 200 þús. kr. Íþróttakennsla hækkar um 231 þús. kr. og rekstur fasteigna um 5 215 þús. kr., þar af ráðning húsvardar 308 þús. kr., ræsting 1 516 þús. kr. og annar kostnaður vegna aukins húsnæðis 3 391 þús. kr. Sameiginleg útgjöld hækka í heild um 4 579 þús. kr., þar af prófkostnaður vegna hækunar á prófdómaralaunum o. fl. 2 066 þús. kr., rannsóknaleyfi háskólakennara 701 þús. kr., nefndakostnaður, áður vanáætlaður, 327 þús. kr., og ýmis önnur sameiginleg útgjöld samtals 1 485 þús. kr. Þjóðfélagsfræðikennsla. Kostnaður eykst um 2 309 þús. kr., þar af föst laun og launatengd gjöld 1 730 þús. kr., en tvær prófessorstöður, sem heimilaðar voru frá miðju ári 1972, koma nú að fullu á fjárlög, stundakennsla hækkar um 329 þús. kr. og kostnaður við erlenda gistiprófessora um 250 þús. kr. Framlag til byggingarframkvæmda og tækjakaupa er áætlað 40 500 þús. kr., sem er 1 033 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1972. Gert er ráð fyrir, að framlag frá Happraætti H. Í. til þessara verkefna muni nema 62 000 þús. kr. á næsta ári, og vegna minni framkvæmdahraða í ár við verkfræði- og raunvísindahús en ráðgert hafði verið, munu verða um 15 000 þús. kr. til ráðstöfunar af fjáröflun 1972. Samtals verða því til ráðstöfunar 117 500 þús. kr., sem ráðgert er að nýta þannig: Til 2. áfanga verkfræði- og raunvísindahúss 59 000 þús. kr., til undirbúnings og byrjunarframkvæmda við tannlæknadeildarhús 18 000 þús. kr., til frekari undirbúnings læknávisindabygginga 5 000 þús. kr., til tækjakaupa 23 000 þús. kr., til viðhalds fasteigna og innanstokksmuna 9 000 þús. kr., til húsgagnakaupa og búnaðar 2 000 þús. kr. og til að ljúka við símakerfi háskólans 1 500 þús. kr.
- 202 Tilraunastöð háskólans á Keldum. Framlag hækkar um 2 381 þús. kr., en þar sem eigin tekjur stofnunarinnar hækka um 1 499 þús. kr., eykst kostnaður um 3 880 þús. kr. Launaliður hækkar um 1 986 þús. kr., þar af laun rannsóknarmanns í hálfu starfi 212 þús. kr. og föst laun um 1 774 þús. kr. Rekstrar-kostnaður, þ. m. t. viðhald, hækkar um 943 þús. kr., einkum vegna verðlags-hækkana, og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 951 þús. kr. vegna nauðsynlegra tækjakaupa og til að ljúka byggingu útihúsa.
- 203 Raunvísindastofnun háskólans. Hér kemur fram 6 243 þús. kr. nettóhækkun, þar af 1 498 þús. kr. vegna þess að Reiknistofnun háskólans hefur nú runnið saman við raunvísindastofnunina, en áður var sérstakt framlag til hennar á fjárlögum. Gert er ráð fyrir, að framlag til tækjakaupa hækki um 1 662 þús. kr., en að öðru leyti er um eðlilegar launa- og verðlagshækkanir að ræða, því að starfsmannafjöldi er óbreyttur.
- 205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Fjárveiting lækkar um 1 930 þús. kr. vegna gjaldfærðs stofnkostnaðar, sem lækkar um 4 000 þús. kr., svo að aðrir liðir hækka í raun um 2 070 þús. kr. Á þinginu í fyrra var gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður um 5 000 þús. kr. vegna kaupa á bókasafni.
- 232 Rannsóknaráð ríkisins. Á þessum lið verður 579 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram, að launaliður hækkar um 942 þús. kr., aðallega vegna launa verkfræðings, sem áður voru greidd af viðfangsefninu „til frumathugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins“ undir öðrum rekstrargjöldum. Af þessum sökum m. a. lækkar liðurinn önnur rekstrargjöld um 633 þús. kr. Viðhaldsliður hækkar um 50 þús. kr., en vextir, sem voru 938 þús. kr. í fjárlögum 1972, eru færðir á liðinn „Ýmis lán ríkissjóðs“ undir fjármálaráðuneytinu.
- 303 Menntaskólinn á Laugarvatni. Í heild hækkar liðurinn um 4 702 þús. kr., þar af rekstrarfjárveiting um 2 952 þús. kr. vegna eðlilegra launa- og verðlags-

- hækkana. Stofnkostnaðarfjárveiting hækkar um 1 750 þús. kr. og verður í heild 20 000 þús. kr., en það á að nægja til að ljúka byggingu kennsluhúsnæðis, sem hófst haustið 1971.
- 304 **Menntaskólinn við Hamrahlíð.** Fram kemur 7 234 þús. kr. lækkun á þessum lið. Gjaldfærður stofnkostnaður lækkar um 18 100 þús. kr., þar sem lokið verður að mestu byggingarframkvæmdum öðrum en við fyrirhugað íþróttahús. Rekstrarkostnaður hækkar því í heild um 10 866 þús. kr.
- 305 **Menntaskólinn við Tjörnina.** Allveruleg aukning verður á þessum lið, eða samtals 15 108 þús. kr., fyrst og fremst vegna þess, að heill árgangur nemenda bætist við haustið 1972, og verður skólinn þá kominn í fulla stærð. Af lækkun fjárveitingar stafa þó 2 000 þús. kr. af framlagi, sem tekið er inn til undirbúnings nýrrar menntaskólabyggingar.
- 306 **Menntaskólinn á Ísafirði.** Framlag hækkar um 3 549 þús. kr., en við bætist nýr árgangur nemenda. Fjárfestingarframlag er óbreytt frá fyrra ári, 21 000 þús. kr., sem ætlað er til byggingar mótuneytis.
- 308 **Menntaskólar almennt.** Á fjárlögum 1972 eru viðhald, prófkostnaður, læknisskoðun og tækjakaup færð á þennan lið. Framlag til viðhalds hækkar um 250 þús. kr., til prófkostnaðar um 679 þús. kr., til læknisskoðunar um 229 þús. kr. og til tækjakaupa um 900 þús. kr. Þá er tekin inn fjárveiting vegna viðbótar-kennslu á menntaskólastigi í Reykjavík og Kópavogi, 4 020 þús. kr., þannig að í heild hækkar þessi liður um 6 078 þús. kr.
- 321 **Kennaraháskóli Íslands.** Fjárveiting hækkar um 15 418 þús. kr., þar af 7 800 þús. kr. vegna byggingar íþróttahúss, sem þar með verður lokið. Rekstrarkostnaður hækkar um 7 618 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir ráðningu bóka-varðar, 598 þús. kr., en að öðru leyti stafar hækkunin af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 322 **Æfinga- og tilraunaskóli kennaraháskóla.** Framlag hækkar um 14 398 þús. kr., þar af rekstrarkostnaður 6 527 þús. kr., en tvær bekkjardeildir bætast við, og stofnkostnaður 7 871 þús. kr., og verður þar með gengið frá skólahúsi og lóð.
- 331 **Íþróttakennaraskóli Íslands.** Kostnaður hækkar um 775 þús. kr., þar af laun nýs kennara 548 þús. kr. og annar kostnaður við rekstur 817 þús. kr., en stofnkostnaðarframlag lækkar um 500 þús. kr. og tekjur hækka um 90 þús. kr.
- 421 **Fræðslumyndasafn.** Fjárveiting hækkar um 2 023 þús. kr., í fyrsta lagi vegna þess að tekjulíður, 1 080 þús. kr. í fjárlögum 1972, fellur niður, en samsvarandi útgjöld höfðu áður verið áætluð á fræðslumálaskrifstofunni vegna keyptrar þjónustu af fræðslumyndasafni, og í öðru lagi vegna 550 þús. kr. fjárveitingar til kaupa á kvikmyndaskoðunarvél. Afgangur hækkunarinnar, 393 þús. kr., stafar af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 501 **Tækniskólinn.** Fjárveiting hækkar í heild um 9 337 þús. kr. Í Reykjavík er hækkunin 7 113 þús. kr., en þar verður tekin upp ný kennslugrein, raftækni-nám. Á Akureyri er hækkunin 1 167 þús. kr. vegna mikillar fjölgunar nemenda, og komið verður á fót undirbúningsdeild á Ísafirði og kostnaður áætlaður 1 057 þús. kr.
- 506 **Vélskólinn.** Laun hækka um 7 606 þús. kr., eða 44.1%, en áætluð er nemenda-fjölgun á næsta skólaári um 35%. Fjárveiting til tækjakaupa eykst um 600 þús. kr., en önnur rekstrargjöld lækka um 2 264 þús. kr., vegna þess að húsaleiga fellur niður, og rekstrarkostnaður skólahússins er greiddur með sérstakri fjárveitingu á lið 571 hér á eftir. Nettóhækkun á liðnum nemur því 5 942 þús. kr.
- 507 **Stýrimannaskólinn.** Launaliður hækkar um 4 110 þús. kr., eða 44.9%. Bekkjardeildum fjölga um tvær. Gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 300 þús. kr. vegna tækjakaupa, en önnur rekstrargjöld lækka um 1 669 þús. kr., þar sem húsaleiga fellur niður, sbr. aths. við næsta lið á undan. Nettóhækkun er þannig 2 741 þús. kr.

- 518 **Fiskvinnsluskólinn.** Nokkuð mikil hlutfallsleg hækkun verður á framlagi, eða 60.8%, vegna þess að heill árgangur bætist við, og er gert ráð fyrir, að 37 nemendur stundi nám í skólanum næsta skólaár á móti 26 á síðasta starfsári.
- 521 **Hjúkrunarskóli Íslands.** Hækkun á framlagi nemur 4 468 þús. kr., þar af ráðning nýs ritara 341 þús. kr., önnur laun 3 657 þús. kr. vegna kjarasamninga og verðlagsuppbóta, önnur rekstrargjöld 370 þús. kr., og tekjur eru áætlaðar 100 þús. kr. lægri en í fjárlögum 1972.
- 571 **Sjómannaskólahúsið.** Liður þessi var áður í B-hluta, en að ósk ríkishókhalds verður hann framvegis í A-hluta og þar m. a. færð öll gjöld varðandi rekstur hússins. Leigugjöld stofnana, sem hafa starfsemi sína í húsinu, falla því niður, sbr. skýringar á liðum 506 og 507 hér að framan. Að auki er hér færð fjárveiting til nýbyggingar, 17 000 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að ráðstöfunarfé nægi til að ljúka við 1. áfanga, þ. e. vélasal, gera næsta áfanga, sem er kennslustofubygging, fokheldan og innréttar þar 4 kennslustofur og verja auk þess um 900 þús. kr. til frágangs lóðar o. fl.
- 581 **Verzlunarskólar.** Framlag til verzlunarskóla hækkar um 10 400 þús. kr., og skiptist hækkunin þannig: Verzlunarskóli Íslands 9 400 þús. kr., Samvinnuskólinn 900 þús. kr. og Bréfaskóli SÍS og ASÍ 100 þús. kr.
- 608 **Héraðsskólar almennt.** Á þennan lið eru færð viðhalds- og framkvæmdafjárveitingar vegna héraðsskólanna allra. Í heild hækkar liðurinn um 2 425 þús. kr., sem kemur þannig fram, að viðhald lækkar um 941 þús. kr. og verður 7 384 þús. kr. skv. áætlun menntamálaráðuneytisins, en gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 3 366 þús. kr. og verður í heild 48 816 þús. kr. Er þá gert ráð fyrir einhverjum framkvæmdum við alla skólana, en höfuðáherzla lögð á byggingar í Reykjanesi og Reykholti.
- 701—716 **Barna- og gagnfræðastigsskólar.** Launagreiðslur í barna- og gagnfræðastigsskólum eru áætlaðar 227 067 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972, eða 27.3%. Að mestu er orsökinni fólgin í launahækkunum skv. kjarasamningum og verðlagsuppbótum, en einnig kemur til fjölgun nemenda og þar af leiðandi magnaukning kennslu, einkum að því er varðar kennslu 6 ára barna, og auk þess eykst kennsla við framhaldsnám á gagnfræðastigi verulega. Önnur rekstrargjöld hækka um 5 169 þús. kr. skv. áætlun menntamálaráðuneytisins, þannig að heildarhækkun á liðnum verður 232 236 þús. kr.
- 761 **Barna- og gagnfræðastigsskólar almennt.** Á þessum lið verður 68 459 þús. kr. hækkun, sem skiptist þannig: Aksturskostnaður vegna skólasóknar o. þ. h. 11 400 þús. kr., viðhaldskostnaður 16 544 þús. kr., varzla í heimavist 6 227 þús. kr., ráðskonu- og aðstoðarstúlknaun við heimavistir 4 783 þús. kr., forfallakennsla 5 378 þús. kr., laun kennara, sem orlof fá, 2 114 þús. kr. og greiðsla vegna frávíks frá hámarki reiknaðra stunda, sbr. 19. gr. l. nr. 49/1967, 5 070 þús. kr. Auk þess er tekinn inn nýr liður, yfirvinnuþóknun skólustjóra skv. samningi 4 176 þús. kr., og af öðrum liðum í fjárlögum 1972 eru tvö viðfangsefni færð á þennan lið: Stjórnskipaðir prófdómarar 4 113 þús. kr. (áður á aðalskrifstofu menntamálaráðuneytisins 2 126 þús. kr.) og laun kennara við stofnanir afbrigðilegra barna 8 654 þús. kr. (áður á lið 102 999 ýmislegt, 1 130 þús. kr.).
- 762 **Framlög til byggingar gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir skólustjóra.** Þessi framlög hækka um 78 751 þús. kr. Framlög skv. eldri lögum lækka um 16 267 þús. kr., þannig að framlög samkvæmt nýju skólakostnaðarlögum hækka um 95 018 þús. kr., eða 29.5%. Er þá miðað við, að framlög greiðist á fjórum árum, eins og verið hefur undanfarin ár, þrátt fyrir ákvæði í lögum nr. 49/1967.
- 769 **Heyrnleysingjaskólinn.** Framlag hækkar um 12 572 þús. kr., einkum vegna stofnkostnaðar, sem eykst um 10 440 þús. kr., og eru þá nýbyggingar skólans fullbúnar. Rekstrarkostnaður hækkar um 2 132 þús. kr. Launahækkun nemur

- 2 864 þús. kr., en annar rekstrarkostnaður lækkar um 732 þús. kr., einkum vegna þess að sérstök fjárveiting til heyrnartækjabúnaðar, 1 140 þús. kr. í fjárlögum 1972, fellur niður.
- 872 **Lánasjóður íslenzkra námsmanna.** Framlag ríkissjóðs er áætlað 273 000 þús. kr., en það er 83 000 þús. kr. hækkun frá fjárlögum 1972. Gert er ráð fyrir, að lántökur sjóðsins nemi 84 300 þús. kr., sem er 32 400 þús. kr. hærra en í fjárlögum 1972. Með þessu yrði ráðstöfunarfé sjóðsins til útlána og styrkja samtals 343 100 þús. kr., þar sem 14 200 þús. kr. af ofangreindri fjáröflun er varið til að standa undir fjárskuldbindingum sjóðsins og rekstri. Lán og styrkir hækka þannig frá fjárlögum 1972 um 120 600 þús. kr. Er þá tekið tillit til áætlunar sjóðsstjórnar um aukna útgjaldaþörf vegna fjölgunar lántakenda og styrkþega, útfærslu lánakerfis, en við bætast nemendur Stýrimannaskólans, Vélskólans o. fl., og auk þess er tekið tillit til þeirra gengishækkana erlendra gjaldmiðla, sem orðið hafa að undanförunu.
- 881 **Náms- og fræðimenn, framlög.** Liðurinn hækkar um 911 þús. kr., þar af félagsstofnun stúdenta 770 þús. kr., einkum vegna viðhalds á studentagörðunum, Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi 100 þús. kr. og styrkir til grænlenzkunáms og námsdvalar Grænlandings samtals 41 þús. kr.
- 884 **Til jöfnunar á námskostnaði.** Með lögum nr. 69/1972 eru ákvæði þess efnis, að ríkissjóður skuli veita námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti, sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum. Gert er ráð fyrir, að ríkissjóðsframlag verði 50 000 þús. kr., sem er tvöföldun á framlagi 1972.
- 902 **Þjóðminjasafnið.** Fjárveiting hækkar um 4 806 þús. kr., og er þá Örnefnastofnun meðtalin. Eðlilegar launahækkanir nema 1 961 þús. kr., og önnur rekstrargjöld hækka um 389 þús. kr. vegna verðlagshækkana. Viðhald eykst um 1 580 þús. kr. og verður samtals 5 000 þús. kr., þar af eru 4 000 þús. kr. ætlaðar til áframhaldandi endurbóta á safnhúsinu og 1 000 þús. kr. til viðhalds gamalla bygginga og safnmuna. Gjaldfærður stofnkostnaður eykst um 310 þús. kr. og yfirfærslur, þ. e. hluti af launum safnvarða við byggðasöfn, byggingastyrkir byggðasafna og viðhald gamalla húsa, hækka um 485 þús. kr. Loks lækkar tekjuliður um 81 þús. kr.
- 931 **Náttúruverndarráð.** Undir þennan lið er nú tekin fjárveiting til þjóðgarða, liður 102 921 í fjárlögum 1972. Fjárveiting til ráðsins sjálfs hækkar um 7 893 þús. kr., og fjárveiting til þjóðgarða, annarra en Þingvalla, hækkar um 9 286 þús. kr.
- 973 **Þjóðleikhús, framlag** hækkar um 13 732 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að rekstrargjöld leikhússins hækki um 21 112 þús. kr., þar af laun 16 053 þús. kr., eða 35.9%, en launaliður mun nokkuð vanáætlaður af hendi leikhússins í fjárlögum 1972. Hins vegar eru tekjur áætlaðar 7 380 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972, en þar mun einnig um vanáætlun að ræða.
- 977 **Byggingarsjóður þjóðarbókhlöðu.** Framlag lækkar um 5 000 þús. kr. og verður 10 000 þús. kr. Miðað við undirbúningsstig verksins verður þessi fjárveiting ásamt fjárveitingum fyrri ára nægileg, til þess að verkið geti haldið áfram án tafa af fjárhagslegum orsökum.
- 982 **Listir, framlög.** Hækkun þessara framlaga nemur í heild 5 848 þús. kr. og kemur þannig fram: Framlag til tónlistarskóla hækkar um 7 049 þús. kr., en þessi liður hefur verið nokkuð vanáætlaður á undanförunum árum, til tónlistarskólans í Reykjavík um 382 þús. kr. vegna launa í kennaradeild, til barnamúsíkskólans um 306 þús. kr., en niður falla framlög til tónlistarskóla Kópavogs vegna stofnkostnaðar 250 þús. kr., til listmálarahúss, byggingarfé 139 þús. kr. og til Listahátíðar í Reykjavík 1 500 þús. kr.
- 986 **Íþróttamál.** Þessi liður hækkar um 2 028 þús. kr., þar af framlag til íþróttasjóðs 2 000 þús. kr., til Í.S.Í. 259 þús. kr. (hluti gjalds af seldum vindlingum), ferða-

kennsla í íþróttum 19 þús. kr., en framlag vegna þátttöku í Olympiuleikum, 250 þús. kr., fellur niður.

- 999 **Ýmislegt.** Framlög á þessum lið lækka um 255 þús. kr., sem er niðurstaðan af því, að út falla liðirnir til greiðslu á þrennum kennaralaunum við stofnanir vangefinna 1 130 þús. kr., (flyzt á lið 761), til styrktarsjóðs nemenda Stýri-mannaskólans í Reykjavík 300 þús. kr., Fóstrufélag Íslands vegna norræns fóstrumóts 150 þús. kr., til Öldutúnsskólakórs vegna söngmóts í Túnis 100 þús. kr. og til Rithöfundasambands Íslands vegna móts barna- og unglinga-bókahöfunda 75 þús. kr., en á hinn bóginn hækkar framlag til Leikfélags Reykjavíkur um 1 500 þús. kr.

03 Utanríkisráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Á liðnum verður samtals 7 285 þús. kr. hækkun. Yfirstjórn hækkar um 4 885 þús. kr., þar af eðlilegar launahækkunar 2 235 þús. kr. og annar rekstrarkostnaður 2 650 þús. kr., einkum vegna búferlaflutninga starfsfólks erlendis og ferðakostnaðar í millilandaferðum. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki hækkar um 100 þús. kr., vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum um 2 000 þús. kr. í samræmi við reynslu undanfarinna ára, og vegna upp-lýsinga- og kynningarstarfsemi 300 þús. kr.
- 301—312 **Sendiráðin.** Kostnaður við sendiráðin er í heild áætlaður 14 504 þús. kr. hærri en í fjárlögum 1972. Launakostnaður hækkar um 10 318 þús. kr., og er þá tekið tillit til þeirrar 7% grunnkaupshækkunar, sem verður í marz n. k. að því er varðar íslenskt starfsfólk, auk þess sem laun íslensks starfsfólks í hverju sendiráði eru hækkuð um þá verðlagshækkun, sem orðið hefur í viðkomandi landi á næstliðnum 12 mánuðum, og er þá byggt á upplýsingum Hagstofu Íslands. Þá er um að ræða launahækkun hjá erlendu starfsfólki, einkum vegna gengishækkana, en einnig að því er varðar grunnlaun í nokkrum tilvikum, og gengishækkunar valda að sjálfsögðu einnig hækkun á launum íslensks starfsfólks í löndum, þar sem það á við. Loks hækka sendifulltrúa-uppbætur nokkuð, svo og launatengd gjöld sem afleiðing af hækkun launa-liðar almennt. Kostnaðarauki vegna hvers framangreindra þátta er sem hér segir í þús. kr.:

Grunnlaun	2 079
Verðlag	2 858
Laun erlends starfsfólks (gengis- og grunnlaunahækkunar)	1 642
Gengishækkunar (á laun íslensks starfsfólks)	2 913
Sendifulltrúauppbætur	171
Launatengd gjöld	655

Samtals 10 318

Liðurinn önnur rekstrargjöld hækkar um 3 948 þús. kr., eða 17,5%, sem orsakast að mestu af gengis- og verðlagshækkunum. Þó er gert ráð fyrir, að skrifstofur sendiráðsins í New York flytjist í nýtt húsnæði, en kostnaðarauki af þeim sökum er 260 þús. kr. Liðirnir viðhald og gjaldfærður stofnkostnaður hækka lítillaga frá fjárlögum 1972, eða um 238 þús. kr.

- 401 **Alþjóðastofnanir.** Framlög til alþjóðastofnana hækka um 6 435 þús. kr., og eru helztu breytingar frá fjárlögum 1972 þessar: Framlag til IDA hækkar um 2 700 þús. kr., til NATO um 1 909 þús. kr., tillag til S. þ. um 1 840 þús. kr., Evrópu-ráðið 501 þús. kr. og þróunarástoð S. þ. 500 þús. kr. Inn eru tekin ný framlög til sérsjóða S. þ. 440 þús. kr., matvælaáætlunar S. þ. 352 þús. kr. og alþjóða jarðfræðisambandsins 15 þús. kr. Niður falla liðirnir aðstoð við þróunarlöndin 3 000 þús. kr. og Flóttamálastofnun S. þ. 800 þús. kr., en liðurinn til eftirlits

með alþjóðasamningi um afnám kynþáttamisréttis, 88 þús. kr. í fjárlögum 1972, er nú undir liðnum sérsjóðir S. þ. Nettóhækkun á ýmsum öðrum framlögum til alþjóðastofnana er 2 066 þús. kr.

04 Landbúnaðarráðuneytið.

- 101 **Aðalskrifstofa.** Kostnaður hækkar um 1 813 þús. kr., þar af laun aðstoðarmanns ráðherra 682 þús. kr., bifreiðastjóra 308 þús. kr., launahækkanir fasts starfsfólks 733 þús. kr., og nefndalaun 107 þús. kr., en niður fellur staða fulltrúa 407 þús. kr. Önnur rekstrargjöld hækka um 390 þús. kr.
- 231 **Skógrækt ríkisins.** Framlag hækkar um 4 896 þús. kr. Hækkun rekstrarkostnaðar vegna launa- og verðlagshækkana nemur 5 596 þús. kr. og gjaldfærður stofn- kostnaður hækkar um 1 500 þús. kr. Tekjur hækka um 2 200 þús. kr., þar af sala viðar og jólatrjáa 1 400 þús. kr., sala trjáplantna 500 þús. kr. og framlag frá landgræðslusjóði 300 þús. kr.
- 235 **Landgræðsla.** Fjárveiting til landgræðslu hækkar um 6 751 þús. kr., einkum vegna þess að framlag til gjaldfærðs stofnkostnaðar (áburðarkaupa og dreifingar) er hækkað um 5 089 þús. kr., en að öðru leyti er um að ræða eðlilega kostnaðaraukningu vegna launa- og verðlagshækkana.
- 241 **Landnám ríkisins.** Á þessum lið kemur fram 19 778 þús. kr. lækkun, sem orsakast af eftirfarandi: Framlag til greiðsluhalla af rekstri Stórolfsvallabúsins, 1 021 þús. kr., fellur niður og framlög til ræktunar, 22 800 þús. kr., eru færð á lið 286 07. Hins vegar hækkar framlag til grænófóðurverksmiðja um 2 500 þús. kr. og til almenns rekstrar um 1 543 þús. kr., og er sú hækkun mun minni en ella hefði orðið, þar sem vinnuvéla- og verkstæðisrekstur landnámsins hefur verið lagður niður.
- 246 **Veiðimálaskrifstofan.** Hækkun á þessum lið nemur 1 851 þús. kr., þar af laun nýs aðstoðarmanns 317 þús. kr., laun fiskifræðings, sem heimilaður var að hluta 1972, koma nú inn að fullu, 187 þús. kr., en aðrar hækkanir, samtals 1 347 þús. kr., stafa af eðlilegum launa- og verðlagshækkunum.
- 247 **Embætti yfirdýralæknis.** Sú 2 668 þús. kr. hækkun, sem fram kemur á þessum lið, skýrist þannig, að við bætast tveir dýralæknar, 1 013 þús. kr., aðrar hækkanir nema 1 855 þús. kr., einkum laun dýralækna, en niður falla námsstyrkir til dýralæknanáms 200 þús. kr., þar sem mál þessi eru í umsjá Lánasjóðs íslenzkra námsmanna.
- 286 **Landbúnaður, framlög.** Á liðnum verður 161 896 þús. kr. hækkun, sem skýrist þannig: Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækka um 110 000 þús. kr., jarðræktarframlög hækka um 41 750 þús. kr., þar af laun héraðsráðunauta 2 250 þús. kr. og jarðræktarstyrkir 39 500 þús. kr., en þar af eru 22 800 þús. kr. tilflutningur frá landnámi ríkisins, eins og fyrr greinir. Framlag til framleiðni- sjóðs landbúnaðarins hækkar um 8 000 þús. kr., framlög til framræslu um 6 000 þús. kr., til búfjárræktar skv. l. nr. 21/1965 um 2 446 þús. kr., til veð- deildar Búnaðarbanka Íslands um 2 000 þús. kr., vegna jarðræktar- og húsa- gerðarsamþykktu um 1 100 þús. kr., og framlag til nautgripæræktarsambanda hækkar um 100 þús. kr. Á móti lækkar framlag til aðstoðar bændum um 7 000 þús. kr., og niður fellur liðurinn til súgþurrkunar, 2 500 þús. kr.
- 299 **Ýmis starfsemi á sviði landbúnaðarmála.** Á þessum lið verður 35 þús. kr. lækkun, sem kemur þannig fram: Framlag til einangrunarstöðvar holdanauta hækkar um 1 000 þús. kr. og til hrossaræktarbúsins að Kirkjubæ um 15 þús. kr., en niður falla framlög til endurbóta íbúðarhúss á Skriðuklaustri, 1 000 þús. kr., og til norræns dýralæknámóts, 50 þús. kr.

05 Sjávarútvegsráðuneytið.

- 202 **Hafrannsóknastofnunin.** Fjárveiting hækkar um 24 862 þús. kr., og munar þar mest um launagreiðslur á rannsóknaskipunum, en þær hækka um 18 584 þús.

kr., eða 92.3%, og er þetta afleiðing samninga um kjör skipverja frá febrúar og maí sl. Gert er ráð fyrir útgerð þriggja skipa á árinu. Aðrar hækkunir eru að mestu í samræmi við eðlilegar launa- og verðlagshækkunir, samtals 6 278 þús. kr.

- 271 **Byggingarsjóður hafrannsóknaskips.** Framlag hækkar um 1 982 þús. kr., sem er hreint ríkisframlag, þar sem hluti útflutningsgjalds, sem rennur til sjóðsins, breytist ekki. Hluti útflutningsgjalds er í heild 7 670 þús. kr. og framlag ríkissjóðs 20 472 þús. kr., eða samtals 28 142 þús. kr., sem svarar til endurgreiðsluþarfara sjóðsins árið 1973. Í árslok 1972 verða eftirstöðvar lána um 175 000 þús. kr.
- 274 **Aflatryggingarsjóður.** Ríkissjóðsframlagið, sem er fjórðungur hluta sjóðsins af útflutningsgjaldi, hækkar um 6 906 þús. kr. og verður 36 375 þús. kr., og stofnframlag til almennrar deildar togaraflotans nemur 2 500 þús. kr. Til viðbótar þessu nemur hluti útflutningsgjalds 145 500 þús. kr., og sá hluti útflutningsgjalds, sem rennur til áhafnadeildar, nemur 174 600 þús. kr.
